

Frumvarp til starfskjaralaga.

Frá félags- og barnamálaráðherra.

I. KAFLI

Gildissvið, stjórnýsla, markmið og orðskýringar.

1. gr.

Gildissvið.

Lög þessi gilda um laun og önnur starfskjör launamanna. Lögin gilda ekki um sjálfboðaliða.

2. gr.

Stjórnýsla.

Ráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum. Vinnumálastofnun annast framkvæmd laganna.

3. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að tryggja að laun og önnur starfskjör launamanna á innlendum vinnumarkaði séu í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og kjarasamninga á vinnumarkaði hér á landi á hverjum tíma.

4. gr.

Orðskýringar.

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Launamaður*: Einstaklingur sem starfar fyrir og á ábyrgð atvinnurekanda gegn endurgjaldi.
2. *Starfsnemi*: Einstaklingur sem stundar nám á vinnustað undir umsjón leiðbeinanda á grundvelli viðeigandi samnings sem hefur verið gerður milli hlutaðeigandi atvinnurekanda, viðurkennds fræðsluáðila og einstaklingsins og það starf eða þau störf sem einstaklingurinn gegnir á vinnustaðnum er þáttur í námi einstaklingsins.
3. *Sjálfboðaliði*: Einstaklingur sem ekki gegnir almennum störfum launamanna sem eru hluti af efnahagslegri starfsemi fyrirtækja og stofnana.

II. KAFLI

Starfskjör launamanna og samráðsnefndir.

5. gr.

Laun og önnur starfskjör.

Laun og önnur starfskjör sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um skulu vera lágmarkskjör óháð öðrum þáttum, svo sem kyni, þjóðerni eða ráðningartíma, fyrir alla launamenn í viðkomandi starfsgrein á svæði því er samningurinn tekur til. Atvinnurekendum er óheimilt að greiða einstaka launamanni lakari laun eða semja við einstaka launamann um lakari kjör en hinir almennu kjarasamningar kveða á um og skulu slíkir samningar ógildir.

6. gr.

Samráðsnefndir til úrlausnar ágreiningsmála.

Samningar aðildarsamtaka vinnumarkaðarins um málsmeðferð í ágreiningsmálum, um hvort laun og ráðningarkjör launamanna á innlendum vinnumarkaði séu í samræmi við ákvæði laga og kjarasamninga, skulu hafa sama almenna gildi og samningar þeirra um laun og önnur starfskjör, sbr. 5. gr., með þeim takmörkunum sem í samningunum felast.

Þegar settar eru á fót samráðsnefndir til úrlausnar ágreiningsmála á grundvelli samninga skv. 1. mgr. og atvinnurekandi, sem er málsaðili, á ekki aðild að samtökum atvinnurekenda er honum heimilt að tilnefna einn fulltrúa sem tekur sæti eins fulltrúa samtaka atvinnurekenda í nefndinni. Hið sama gildir um launamann sem er málsaðili og á ekki aðild að stéttarfélagi en fulltrúi hans tekur sæti eins fulltrúa samtaka launafólks í nefndinni. Ákveði málsaðili að tilnefna fulltrúa skal tilnefningin fara fram fyrir upphaf málsmeðferðar hjá samráðsnefndinni.

III. KAFLI

Skyldur atvinnurekanda.

7. gr.

Upplýsingaskylda atvinnurekanda.

Atvinnurekanda ber ávallt að hafa tiltæk gögn sem sýna fram á að hann hafi ekki greitt lakari laun en kjarasamningar kveða á um, að teknu tilliti til vinnutíma starfsmanns, svo sem ráðningarsamning eða skriflega staðfestingu ráðningar í samræmi við lög eða kjarasamninga, upplýsingar um vinnutíma starfsmanna, sbr. 57. gr. a laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, og önnur gögn er varða kjör launamanna, þ.m.t. launaseðil og staðfestingu á að laun hvers starfsmanns hafi verið greidd í samræmi við það sem kemur fram á launaseðli.

8. gr.

Skyldur atvinnurekanda vegna starfsnema.

Atvinnurekandi sem skuldbindur sig til að taka starfsnema í starfsnám á vinnustað ber að sjá til þess að fyrir liggi viðeigandi samningur milli hans, viðurkennds fræðsluaðila og nemans. Í samningnum skal meðal annars koma fram sá tími sem áætlað er að starfsneminn verði í starfsnámi, starfskjör nemans og starfsaðstæður, tryggingar, réttindi og lýsing á því starfi eða þeim störfum sem starfsneminn kemur til með að gegna á vinnustaðnum, hver er leiðbeinandi hans á vinnustaðnum svo og nánari lýsing fræðsluaðilans á náminu og staðfesting hans á því að starfsnámið á vinnustaðnum og það starf eða þau störf sem starfsneminn kemur til með að gegna á vinnustaðnum sé þáttur í námi nemans.

Atvinnurekanda sem skuldbindur sig til að taka starfsnema í starfsnám á vinnustað ber ávallt að hafa tiltækt afrit af samningi skv. 1. mgr. á gildistíma samningsins.

IV. KAFLI
Málsmeðferð í ágreiningsmálum.

9. gr.

Skylda launamanns.

Telji launamaður að atvinnurekandi greiði honum og/eða hafi greitt honum lakari laun en kveðið er á um í gildandi kjarasamningi í viðkomandi starfsgrein, á því svæði þar sem vinna launamannsins fer fram, skal hann sjálfur eða með milligöngu stéttarfélags krefjast þess með sannanlegum hætti að hlutaðeigandi atvinnurekandi leiðrétti launagreiðslur frá og með næstu útborgun launa, þ.m.t. vangoldin laun, áður en launamaðurinn getur óskað eftir aðstoð Vinnu-
málastofnunar við að fá launagreiðslur leiðréttar, sbr. 10. gr.

10. gr.

Leiðrétting launagreiðslna.

Hafi atvinnurekandi ekki orðið við kröfu launamanns um leiðréttingu á launagreiðslum, sbr. 9. gr., getur launamaður óskað eftir aðstoð Vinnu-
málastofnunar við að fá launagreiðslur leiðréttar. Hafi launamaður ekki krafist þess að atvinnurekandi leiðrétti launagreiðslur áður en hann óskar eftir aðstoð Vinnu-
málastofnunar við að fá launagreiðslur leiðréttar ber Vinnu-
málastofnun að vísa málinu frá. Vinnu-
málastofnun skal jafnframt vísa málinu frá hafi ráðningar-
sambandi launamanns og atvinnurekanda lokið áður en launamaður krafðist þess að atvinnu-
rekandi leiðrétti launagreiðslur.

Leiki vafi á því hvort atvinnurekandi greiði lakari laun en kjarasamningur kveður á um skal Vinnu-
málastofnun óska eftir mati samráðsnefndar til úrlausnar ágreiningsmála, sbr. 6. gr., á því hvort um sé að ræða brot gegn ákvæðum 5. gr. Með slíkri beiðni skulu fylgja þau gögn sem Vinnu-
málastofnun telur nauðsynleg svo að unnt sé að leggja mat á hvort greidd séu eða hvort greidd hafi verið lakari laun en kjarasamningur kveður á um. Óski Vinnu-
málastofnun eftir mati samráðsnefndar og niðurstaða fulltrúa samningsaðila í nefndinni er ekki samhljóða skal stofnunin vísa málinu frá.

Komist Vinnu-
málastofnun að þeirri niðurstöðu að atvinnurekandi greiði launamanni lakari laun en kjarasamningur kveður á um skal stofnunin gefa atvinnurekanda fyrirmæli um að frá og með næstu útborgun launa greiði hann ekki lakari laun en kjarasamningur kveður á um. Vinnu-
málastofnun skal jafnframt tilkynna viðkomandi launamanni sem og stéttarfélagi, óski viðkomandi launamaður eftir því, að stofnunin hafi gefið hlutaðeigandi atvinnurekanda framangreind fyrirmæli.

Gefi Vinnu-
málastofnun atvinnurekanda fyrirmæli, sbr. 3. mgr., ber honum eða fulltrúa hans að tilkynna stofnuninni með fullnægjandi hætti, svo sem bréflaga, rafrænt eða á annan hátt sem stofnunin ákveður, þegar úrbætur hafa verið gerðar.

Sé ekki unnt að gefa hlutaðeigandi atvinnurekanda fyrirmæli skv. 3. mgr. þar sem ráðn-
ingarsambandi milli launamanns og þess atvinnurekanda sem í hlut á er lokið skal Vinnu-
málastofnun vísa málinu frá en afhenda stéttarfélagi þær upplýsingar sem stofnunin byggði mat sitt á, sbr. 3. mgr., enda óski viðkomandi launamaður eftir því.

11. gr.

Samkomulag um greiðslu vangoldinna launa.

Innan tíu virkra daga frá því að Vinnu-
málastofnun hefur beint þeim fyrirmælum til atvinnu-
rekanda að hann leiðrétti launagreiðslur, sbr. 10. gr., skal stofnunin boða launamann og at-
vinnurekanda til fundar þar sem þeim er gefinn kostur á að semja sín á milli, annaðhvort sjálfir

eða með aðkomu samráðsnefndar til úrlausnar ágreiningsmála, sbr. 6. gr., um greiðslu vangoldinna launa sem og greiðslu dráttarvaxta og eftir atvikum bóta til launamanns. Skal slíkt samkomulag berast Vinnumálastofnun innan 15 virkra daga frá því að framangreindur fundur fer fram og skal stofnunin staðfesta samkomulagið.

Samkomulag sem gert er á grundvelli ákvæðis þessa og Vinnumálastofnun staðfestir er aðfararhæft.

12. gr.

Gerðardómur.

Náist ekki samkomulag skv. 11. gr. geta launamaður og atvinnurekandi komist að samkomulagi um að skjóta ágreiningi um vangoldin laun til gerðardóms sem úrskurðar í málinu, meðal annars um það tímabil sem líta ber til, um fjárhæð vangoldinna launa auk dráttarvaxta frá gjalddaga samkvæmt lögum um vexti og verðtryggingu. Gerðardómi er að auki heimilt, komi fram sérstök krafa þar um, að úrskurða um að atvinnurekanda beri að greiða launamanni sérstakar skaðabætur til viðbótar hinum vangoldnu launum og dráttarvöxtum enda hafi verið um stórfellt og/eða ítrekað brot að ræða af hálfu atvinnurekanda.

Samningsaðilar að þeim kjarasamningi sem um ræðir hverju sinni skulu skipa hvor sinn fulltrúa í gerðardóm hverju sinni og skal forseti Félagsdóms skipa oddamann.

Að öðru leyti en því sem kveðið er á um í ákvæði þessu gilda um skipan gerðardóms og málsmeðferð dómsins ákvæði laga um samningsbundna gerðardóma.

Gerðardómur kveður á um greiðslu málskostnaðar milli aðila eftir kröfu þeirra, þar á meðal kostnaðar sem leiðir af starfsemi gerðardómsins. Frá þessu má víkja með ákvæði í gerðarsamningi.

Úrskurður gerðardóms á grundvelli ákvæðis þessa er aðfararhæfur.

13. gr.

Eftirlit Vinnumálastofnunar.

Hafi launamaður óskað eftir aðstoð Vinnumálastofnunar við að fá launagreiðslur leiðréttar, sbr. 10. gr., skal atvinnurekandi eða fulltrúi hans láta Vinnumálastofnun í té fullnægjandi upplýsingar sem sýna fram á hvaða laun hafi verið greidd í því tilviki sem um ræðir hverju sinni þannig að stofnuninni sé unnt að leggja mat á hvort greidd hafi verið lakari laun en kjarasamningur kveður á um.

Upplýsingar sem atvinnurekandi eða fulltrúi hans skulu veita Vinnumálastofnun samkvæmt lögum þessum, eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, skulu vera skriflegar, hvort sem er á rafrænu formi eða á pappír. Þegar gögn eru afhent á öðru tungumáli en íslensku eða ensku skulu fylgja þeim þýðingar á íslensku eða ensku. Þrátt fyrir framangreint getur Vinnumálastofnun í undantekningartilvikum ákveðið að taka við gögnum á öðru tungumáli en íslensku eða ensku, svo sem þegar þýðing gagnanna er óþörf að mati stofnunarinnar.

Vinnumálastofnun getur aflað upplýsinga og miðlað þeim að því marki sem stofnuninni er það heimilt samkvæmt lögum þessum, annaðhvort rafrænt eða á annan hátt sem stofnunin ákveður.

Berist Vinnumálastofnun upplýsingar á grundvelli laga þessara sem gefa til kynna að brotið sé gegn ákvæðum íslenskra laga eða reglugerða er stofnuninni skylt að afhenda viðeigandi stjórnvaldi upplýsingarnar án ástæðulausrar tafar.

Í þeim tilvikum þegar Vinnumálastofnun býr ekki yfir upplýsingum sem eru nauðsynlegar að mati stofnunarinnar til að hún geti með fullnægjandi hætti rannsakað hvort atvinnurekandi

greiði lakari laun en kjarasamningur kveður á um, sbr. 10. gr., skal stofnunin óska eftir upplýsingum frá stjórnvöldum eða eftirlitsfulltrúum samtaka aðila vinnumarkaðarins, sbr. lög um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum, sem koma stofnuninni að gagni og ber hlutaðeigandi aðilum að veita Vinnumálastofnun umbeðnar upplýsingar, búi þeir yfir þeim. Berist stjórnvöldum eða eftirlitsfulltrúum samtaka aðila vinnumarkaðarins upplýsingar sem gefa til kynna að brotið sé gegn lögum þessum er þeim skylt að afhenda Vinnumálastofnun upplýsingarnar án ástæðulausrar tafar.

Starfsmönnum Vinnumálastofnunar sem sinna eftirliti á vinnustöðum er meðal annars heimilt að fara í eftirlitsheimsóknir á vinnustaði og skal þeim veittur aðgangur að hlutaðeigandi vinnustöðum óski þeir eftir því. Við eftirlitið ber þeim að sýna sérstök skilríki sem stofnunin gefur út. Starfsmönnum Vinnumálastofnunar er heimilt að óska eftir aðstoð lögreglu við framangreint eftirlit á vinnustöðum þegar slíkt er nauðsynlegt að mati stofnunarinnar.

Starfsmönnum Vinnumálastofnunar er óheimilt að nota aðstöðu sína til að afla annarra upplýsinga en þeirra sem eru nauðsynlegar eða kunna að vera nauðsynlegar að mati stofnunarinnar í þágu eftirlits samkvæmt lögum þessum.

Starfsmenn Vinnumálastofnunar eru bundnir þagnarskyldu skv. X. kafla stjórnsýslulaga hvað varðar upplýsingar um mál sem stofnunin hefur til meðferðar á grundvelli laga þessara, sbr. þó 3. mgr. Þagnarskylda starfsmanna Vinnumálastofnunar helst eftir að þeir hætta störfum hjá stofnuninni.

V. KAFLI

Viðurlög.

14. gr.

Dagsektir.

Fari atvinnurekandi ekki að fyrirmælum Vinnumálastofnunar, sbr. 3. mgr. 10. gr., og í þeim tilvikum þegar atvinnurekandi veitir stofnuninni ekki fullnægjandi upplýsingar skv. 1. og/eða 2. mgr. 13. gr. innan þess frests sem veittur hefur verið getur Vinnumálastofnun tekið ákvörðun um að hlutaðeigandi atvinnurekandi greiði dagsektir þar til úrbætur hafa verið gerðar.

Atvinnurekanda sem fyrirhugað ákvörðun um dagsektir skv. 1. mgr. beinist að skal veittur frestur til að koma að skriflegum athugasemdum áður en ákvörðun er tekin. Tilkynningu Vinnumálastofnunar um fyrirhugaða ákvörðun um dagsektir skal fylgja skriflegur rökstuðningur.

Ákvörðun um dagsektir skv. 1. mgr. skal tilkynnt skriflega á sannanlegan hátt þeim atvinnurekanda sem hún beinist að eða fulltrúa hans og skal henni fylgja skriflegur rökstuðningur.

Ákvörðun um dagsektir felur það í sér að sá atvinnurekandi sem ákvörðunin beinist að skal greiða sekt fyrir hvern dag frá og með upphafi fyrsta virka dags eftir að honum var tilkynnt um ákvörðunina og er það tímamark jafnframt gjalddagi kröfunnar. Síðasti sektardagur skal vera sá dagur þegar bætt hefur verið úr annmörkum að mati Vinnumálastofnunar.

Dagsektir geta numið allt að 1 millj. kr. fyrir hvern dag. Við ákvörðun fjárhæðar dagsekta skal meðal annars líta til fjölda launamanna þess atvinnurekanda sem ákvörðun beinist að, hve aðkallandi úrbætur teljast, umfangs brots og hver umfangsmikill viðkomandi atvinnurekstur er.

Dagsektir skulu renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við álagningu og innheimtu.

Ákvörðun Vinnumálastofnunar um dagsektir er aðfararhæf. Óinnheimtar dagsektir falla ekki niður eftir síðasta sektardag nema Vinnumálastofnun ákveði slíkt sérstaklega. Heimilt er að innheimta dagsektir eftir síðasta sektardag með fjárnámi án undangengins dóms eða sáttar.

Að öðru leyti fer um ákvörðun Vinnumálastofnunar um dagsektir samkvæmt ákvæðum stjórnarsýslulaga.

15. gr.

Tímabundin stöðvun á starfsemi.

Hafi Vinnumálastofnun tekið ákvörðun um dagsektir skv. 14. gr. og atvinnurekandi hefur ekki gert viðeigandi úrbætur innan sex vikna frá því að ákvörðunin um dagsektir var sannanlega birt hlutaðeigandi atvinnurekanda getur Vinnumálastofnun, ef önnur úrræði laga þessara hafa ekki skilað árangri, látið stöðva tímabundið starfsemi atvinnurekanda þangað til úrbætur hafa verið gerðar. Starfsmönnum Vinnumálastofnunar er heimilt að óska eftir aðstoð lögreglu til að framfylgja vinnustöðvun þegar slíkt er nauðsynlegt að mati stofnunarinnar.

16. gr.

Stjórnvaldssekt.

Vinnumálastofnun er heimilt að leggja stjórnvaldssekt á atvinnurekanda sem hefur að mati stofnunarinnar greitt launamanni lakari laun en kjarasamningur kveður á um og um stórfellt brot hefur verið að ræða af hálfu atvinnurekanda sem og ef atvinnurekandi hefur ítrekað ekki farið að fyrirmælum stofnunarinnar, sbr. 3. mgr. 10. gr., eða hefur veitt stofnuninni rangar eða ófullnægjandi upplýsingar skv. 1. og/eða 2. mgr. 13. gr., óháð því hvort um ásetning eða gáleysi hefur verið að ræða af hálfu atvinnurekandans. Hið sama á við hafi atvinnurekandi ekki veitt Vinnumálastofnun upplýsingar skv. 1. og/eða 2. mgr. 13. gr., óháð því hvort um ásetning eða gáleysi hefur verið að ræða af hálfu atvinnurekandans.

Stjórnvaldssekt getur numið allt að 5 millj. kr.

Við ákvörðun stjórnvaldssektar skal Vinnumálastofnun meðal annars líta til alvarleika brots, til þess hve lengi það hefur staðið yfir og hvort um ítrekað brot hafi verið að ræða sem og til samstarfsvilja hins brotlega aðila.

Ákvörðun um stjórnvaldssekt skal tilkynnt skriflega á sannanlegan hátt þeim atvinnurekanda sem sektin beinist að og skal ákvörðuninni fylgja skriflegur rökstuðningur.

Gjalddagi stjórnvaldssektar er 30 dögum eftir að ákvörðun um sektina var tekin. Hafi stjórnvaldssekt ekki verið greidd innan 15 daga frá gjalddaga skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar frá gjalddaga. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer samkvæmt ákvæðum laga um vexti og verðtryggingu.

Heimild Vinnumálastofnunar til þess að leggja á stjórnvaldssekt samkvæmt ákvæði þessu fellur niður þegar fimm ár eru liðin frá því að háttsemi skv. 1. mgr. lauk.

Stjórnvaldssekt rennur í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við álagningu og innheimtu sektarinnar.

Ákvörðun Vinnumálastofnunar um stjórnvaldssekt er aðfararhæf.

Að öðru leyti fer um ákvörðun Vinnumálastofnunar um stjórnvaldssekt samkvæmt ákvæðum stjórnarsýslulaga.

VI. KAFLI

Greiðsla iðgjalda og skyldutrygging lífeyrisréttinda.

17. gr.

Greiðsla í fræðslusjóð atvinnulífsins, sjúkrasjóði og orlofssjóði.

Öllum atvinnurekendum er skylt að greiða í fræðslusjóði atvinnulífsins sem og sjúkrasjóði og orlofssjóði viðkomandi stéttarféлага iðgjöld þau sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um hverju sinni og samkvæmt þeim reglum sem kjarasamningar greina.

Atvinnurekanda er skylt að halda eftir af launum launamanns iðgjaldi hans til viðkomandi stéttarfélags samkvæmt þeim reglum sem kjarasamningar greina.

Verði dráttur á greiðslu iðgjalda samkvæmt lögum þessum skal skuldari greiða dráttarvexti af skuldinni frá gjalddaga samkvæmt lögum um vexti og verðtryggingu.

18. gr.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda.

Ákveði félagi í lífeyrissjóði sem á rétt á töku fæðingarorlofs á grundvelli laga um fæðingar- og foreldraorlof að hverfa úr fyrra starfi að hluta eða öllu leyti vegna barnsburðar, meðal annars í því skyni að nýta rétt sinn til fæðingarorlofs, er þeim lífeyrissjóði sem viðkomandi er félagsmaður í skylt að veita félagsmanninum heimild til áframhaldandi aðildar að sjóðnum á óbreyttum grundvelli í allt að sjö ár, enda taki félagsmaður þá að sér að greiða iðgjaldahlut atvinnurekanda ásamt sínum eigin iðgjaldahluta. Slíkur félagsmaður nýtur allra sömu réttinda í lífeyrissjóðnum og aðrir félagsmenn, þar á meðal lánsréttinda.

VII. KAFLI

Stefnumótun um aðgerðir gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði.

19. gr.

Samstarfsnefnd um aðgerðir gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði.

Ráðherra skal skipa samstarfsnefnd stjórnvalda og samtaka aðila vinnumarkaðarins um aðgerðir gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði. Nefndin skal skipuð til þriggja ára í senn og skal hún koma saman fullmönnuð einu sinni á ári eða oftari ef þörf krefur. Ráðherra sem fer með málefni þjóðhagsmála, ráðherra sem fer með málefni vinnumarkaðar, ráðherra sem fer með málefni starfsmanna ríkisins og ráðherra sem fer með ákærvald skulu eiga fast sæti í samstarfsnefndinni.

Auk þeirra sem tilgreindir eru í 1. mgr. skal ráðherra skipa einn fulltrúa án tilnefningar, sem og einn fulltrúa tilnefndan af Alþýðusambandi Íslands, einn tilnefndan af ríkislögreglustjóra, einn tilnefndan af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einn tilnefndan af Samtökum atvinnulífsins, einn tilnefndan af Skattinum, einn tilnefndan af Útlendingastofnun, einn tilnefndan af Vinnumálastofnun og einn tilnefndan af Vinnueftirliti ríkisins. Þá skal ráðherra skipa einn fulltrúa sem tilnefndur er sameiginlega af Bandalagi háskólamanna og BSRB.

Ráðherra annast stjórnslu fyrir nefndina. Nefndarmönnum er skylt að gæta þagmælsku um atriði er þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir nefndina og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls.

20. gr.

Verkefni samstarfsnefndar.

Ráðherra skal fela samstarfsnefnd um aðgerðir gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði, sbr. 19. gr., að koma með tillögu að stefnu og aðgerðaáætlun stjórnvalda hvað varðar áherslur og aðgerðir gegn brotastarfsemi á innlendum vinnumarkaði og skal nefndin afhenda ráðherra

tillögu sína innan árs frá alþingiskosningum. Jafnframt skal nefndin afhenda ráðherra skýrslur eftir því sem þörf krefur að mati nefndarinnar, og einnig ef ráðherra óskar sérstaklega eftir því, um stöðuna hvað varðar brotastarfsemi á innlendum vinnumarkaði.

21. gr.

Samstarfsvettvangur eftirlitsaðila.

Lögreglustjórar, Skatturinn, Vinnueftirlit ríkisins og Vinnumálastofnun skulu gera með sér samning um samstarfsvettvang eftirlitsaðila gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði. Framan- greindum aðilum er heimilt að stækka samstarfsvettvanginn með samningum við aðrar stofn- anir ef þörf krefur, að fengnu samþykki ráðherra.

Þeim stofnunum sem mynda samstarfsvettvang skv. 1. mgr. er heimilt að óska eftir ráðgjöf og aðstoð frá utanaðkomandi aðilum ef þörf krefur.

Markmiðið með samstarfsvettvangi skv. 1. mgr. er að efla og samræma eftirlit með því að allir aðilar á vinnumarkaði fari að ákvæðum laga, reglugerða og kjarasamninga sem gilda á innlendum vinnumarkaði.

Þær stofnanir sem mynda samstarfsvettvang skv. 1. mgr. skulu standa fyrir sameiginlegum aðgerðum gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði með eftirliti og virkri eftirfylgni, greiningar- vinnu og upplýsingamiðlun milli aðila innan þeirra marka sem lög heimila.

Starfsmönnum sem starfa á grundvelli samstarfsvettvangs skv. 1. mgr. sem fulltrúar þeirra stofnana sem mynda vettvanginn og öðrum þeim sem kallaðir eru til samstarfs er skylt að gæta þagmælsku um atriði er þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls.

Þær stofnanir sem mynda samstarfsvettvang skv. 1. mgr. skulu formbinda reglulegt samráð og samstarf við samtök aðila vinnumarkaðarins um stöðumat, greiningu og sameiginlegt vinnustaðaeftirlit eftir því sem við á. Þrátt fyrir 5. mgr. er starfsmönnum samstarfsvettvangs skv. 1. mgr. heimilt að miðla þeim upplýsingum sem nauðsynlegar eru hverju sinni til samtaka aðila vinnumarkaðarins á grundvelli formlegs samráðs og samstarfs, sbr. 1. málslíð.

VIII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

22. gr.

Kæruheimild.

Heimilt er að kæra ákvarðanir Vinnumálastofnunar samkvæmt lögum þessum til ráðu- neytisins en um slíkar kæur gilda ákvæði VII. kafla stjórnsýslulaga.

Stjórnsýslukæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar Vinnumálastofnunar.

Ráðuneytið skal leitast við að kveða upp úrskurð innan tveggja mánaða frá því að ráðu- neytinu berst mál til úrskurðar.

23. gr.

Reglugerðarheimild.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari fyriræli um framkvæmd laga þessara að fenginni umsögn samtaka aðila vinnumarkaðarins, svo sem í tengslum við beitingu viðurlaga á grundvelli V. kafla.

24. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, nr. 55/1980.

25. gr.
Breyting á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. *Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980:*

a. Við 45. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Stjórnandi tiltekinnar vélar, sbr. 1.–5. mgr., skal vera líkamlega og andlega fær um að stjórna vélinni og því má enginn stjórna eða reyna að stjórna slíkri vél ef hann, svo sem vegna veikinda, hrörmunar, ofreynslu, svefnleysis, neyslu áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna eða annarra orsaka, er þannig á sig kominn að hann er ekki fær um að stjórna vélinni örugglega. Enginn má neyta áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna við stjórn tiltekinnar vélar, sbr. 1.–5. mgr.

b. Á eftir 57. gr. laganna kemur ný grein, 57. gr. a, svohljóðandi:

Atvinnurekendum er skylt að koma upp áreiðanlegu og aðgengilegu kerfi vegna skráningar vinnutíma starfsmanna sinna þar sem meðal annars koma fram upplýsingar um hvort skilyrði laga þessara um hámarksvinnutíma, lágmarkshvöld og vikulegan frídag séu virt sem og hvort starfsmenn hafa fengið hvíld síðar ef vikið hefur verið frá reglum um hvíldartíma og vikulegan frídag samkvæmt lögum þessum eða kjarasamningum. Starfsmaður skal eiga þess kost að nálgast skráningar skv. 1. málslíð 12 mánuði aftur í tímann.

c. Eftirfarandi breytingar verða á 68. gr. laganna:

1. Við 1. mgr. bætist: eða gera þjónustusamning við slíkan lækni um verkefni skv. 2. og 3. mgr. sem krefjast læknisfræðilegrar þekkingar.

2. b- og c-liður 2. mgr. falla brott.

3. Við bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Vinnueftirlit ríkisins skal, í samræmi við reglugerð sem ráðherra setur, skipuleggja og halda skrár á landsvísu um eitranir og vinnuslys sem tilkynnt eru til stofnunarinnar skv. 79. og 80. gr. og um hvers konar sjúkdóma, andlega sem líkamlega, sem ætla má að eigi orsakir í starfsumhverfi og tilkynntir eru skv. 3. mgr. 79. gr. Tilgangur skráanna er að afla þekkingar um tíðni og orsakir slysa og sjúkdóma sem ætla má að eigi orsakir í starfsumhverfi svo að efla megi forvarnastarf á vinnustöðum. Vinnueftirlitið skal einnig vinna upplýsingar úr skránum til notkunar í forvarnastarfi, við áætlanagerð sem og við stefnumótun og önnur verkefni stjórnvalda.

Vinnsla persónugreinanlegra upplýsinga skv. 3. mgr. skal vera í samræmi við ákvæði laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

d. Í stað 2. málsl. 8. mgr. 87. gr. laganna koma tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Óinnheimtar dagsektir falla ekki niður eftir síðasta sektardag nema Vinnueftirlit ríkisins ákveði slíkt sérstaklega. Heimilt er að innheimta dagsektir eftir síðasta sektardag með fjárnámi án undangengins dóms eða sáttar.

e. Á eftir 1. mgr. 99. gr. laganna koma fimm nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að:

- a. brjóta gegn 27. gr. eða ef atvinnurekandi eða verkstjóri brýtur gegn 1.–2. mgr. 86. gr.,
- b. brjóta með stórfelldum eða ítrekuðum hætti gegn 1. mgr. 14. gr., 2. mgr. 23. gr. eða 3. mgr. 80. gr.,
- c. stjórná tiltekinni vél, sbr. 1.–5. mgr. 45. gr., sem er skráningarskyld skv. 49. gr., sem telst ekki jafnframt vera vélknúð ökutæki, undir áhrifum áfengis eða undir áhrifum ávana- og fíkniefna sem bönnuð eru hér á landi samkvæmt lögum um ávana- og fíkniefni og reglugerðum settum samkvæmt þeim eða ef viðkomandi stjórnandi telst óhæfur til að stjórna ökutæki vegna neyslu lyfja, sbr. 6. mgr. 48. gr. og 50. gr. umferðarlaga, nr. 77/2019,
- d. brjóta gegn ákvæðum laga þessara eða reglna eða reglugerða settum samkvæmt þeim ef brotið leiðir til alvarlegs slyss eða dauða starfsmanns eða annarra eða alvarlegs óhapps þar sem verulegar líkur voru á því að afleiðingarnar hefðu getað orðið þær sömu.

Sektir má ákvarða atvinnurekendum fyrir þau brot sem tiltekin eru í 2. mgr. í samræmi við II. kafla A almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Starfsmenn Vinnueftirlits ríkisins hafa heimild til að banna stjórnanda að nota tiltekna vél, sbr. 1.–5. mgr. 45. gr., sem er skráningarskyld skv. 49. gr., ef grunur er um að hann sé undir áhrifum áfengis, annarra fíkniefna eða telst óhæfur til að stjórna ökutæki vegna neyslu lyfja, sbr. 6. mgr. 48. gr. umferðarlaga, nr. 77/2019, en þá skal lögregla jafnframt kölluð til. Lögregla hefur sömu heimildir til rannsóknar á öndunar-, svita- og munnvatns-, blóð- og þvagsýnum gagnvart stjórnanda vinnuvélar vegna gruns um brot á c-lið 2. mgr. og hún hefur skv. 1.–4. mgr. 52. gr. umferðarlaga, nr. 77/2019, gagnvart ökumanni vélknúins ökutækis. Kostnaður vegna slíkra rannsókna telst til sakarkostnaðar með sama hætti og skv. 2. másl. 6. mgr. 52. gr. umferðarlaga, nr. 77/2019.

Ef stjórnandi vélar skv. 1.–5. mgr. 45. gr. sem er skráningarskyld skv. 49. gr., sem telst jafnframt ekki til vélknúins ökutækis, hefur brotið gegn ákvæði c-liðar 2. mgr. eða neitað að veita atbeina sinn við rannsókn máls skv. 4. mgr. skal hann sviptur vinnuvélaréttindum. Svipting vinnuvélaréttinda skal vera um ákveðinn tíma, eigi skemur en einn mánuð, eða ótímabundin ef sakir eru miklar eða brot er ítrekað öðru sinni. Svipting vinnuvélaréttinda felur í sér sviptingu ákveðins réttar samkvæmt vinnuvélastírteini og réttar til að öðlast vinnuvélaréttindi. Ef svipting vinnuvélaréttinda er ótímabundin getur sá sem sviptur er réttindum ekki sótt að nýju um vinnuvélaréttindi fyrr en fimm ár eru liðin frá sviptingunni að undangengnu verklegu og bóklegu prófi á viðkomandi vél.

Ef stjórnandi vélar skv. 1.–5. mgr. 45. gr. sem er skráningarskyld skv. 49. gr., sem jafnframt er vélknúð ökutæki, hefur brotið gegn 48.–50. gr. umferðarlaga, nr. 77/2019, skal hann sviptur vinnuvélaréttindum í sama tíma og undir sömu skilyrðum og hann var sviptur ökuréttindum samkvæmt umferðarlögum.

f. Á eftir 99. gr. laganna kemur ný grein, 99. gr. a, svohljóðandi:

Vinnueftirliti ríkisins er heimilt að leggja stjórnvaldssekt á atvinnurekanda, sbr. 1. mgr. 12. gr., og eftir atvikum verkkaupa eða fulltrúa verkkaupa, sbr. 1.–2. mgr.

36. gr., og framleiðanda, innflutningsaðila og dreifingaraðila varnings, sbr. 4. gr. laga um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, nr. 134/1995, sem:

- a. brýtur gegn fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins um stöðvun vinnu eða lokun starfsemi eða hluta hennar eða bann við notkun vélar skv. 84. gr. eða 85. gr.,
- b. brýtur gegn fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins um bann við markaðssetningu, bann við notkun, afturköllun eða eyðileggingu á vélum, tækjum og öðrum búnaði skv. 48. gr. a,
- c. brýtur gegn fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins um bann við framleiðslu, flutningi eða notkun hættulegra efna og efnavara skv. 2. mgr. 51. gr.,
- d. brýtur ítrekað gegn fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum skv. 37. gr., 42. gr. eða 46. gr., sem veitt hafa verið vegna sömu háttsemi eða brots,
- e. brýtur gegn ákvæðum reglugerðar um bann við notkun asbests á vinnustöðum,
- f. brýtur gegn 5. mgr. 36. gr., 60. gr. eða 1.–2. mgr. 80. gr.,
- g. brýtur með stórfelldum og alvarlegum hætti gegn 1.–2. mgr. 53. gr., 1.–2. mgr. 54. gr. eða 55. gr.,
- h. brýtur með stórfelldum eða ítrekuðum hætti gegn 1. mgr. 48. gr., 1. mgr. 50. gr. og 1. mgr. 51. gr. a,
- i. brýtur gegn ákvæðum laga þessara og/eða reglna eða reglugerða sem settar hafa verið á grundvelli þeirra og brotið veldur loftmengun eittraðra eða eldfimra eða hættulegra efna, sprengihættu, klemmihættu, skurðhættu, fallhættu eða hættu á hruni jarðvegs, verkpalls, vörustæðu, gáma, kerja eða burðarvirkis sem skapar verulega hættu fyrir líf eða heilbrigði starfsmanna,
- j. tilkynna ekki eða veita rangar eða villandi upplýsingar um vinnuslys sem leiðir til dauða eða langvinnis eða varanlegs heilsutjóns í samræmi við 1. mgr. 79. gr.,
- k. ræður börn til vinnu við þær aðstæður sem kveðið er á um í 62. gr.,
 1. veita Vinnueftirliti ríkisins rangar eða ófullnægjandi upplýsingar að mati stofnunarinnar um þau atriði sem veita skal stofnuninni skv. 5. mgr. 36. gr., 58. gr., 1.–2. mgr. 80. gr., 2.–3., 5. eða 10. mgr. 82. gr.

Vinnueftirliti ríkisins er heimilt að leggja stjórnvaldssekt á starfsmann, sbr. 24. gr., sem:

- a. brýtur gegn 6. mgr. 45. gr., eða
- b. brýtur gegn fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins um bann við notkun tiltekins tækis, sbr. 1. másl. 4. mgr. 99. gr.

Stjórnvaldssekt sem lögð er á einstakling getur numið allt að 1 millj. kr.

Stjórnvaldssekt sem lögð er á atvinnurekanda getur numið allt að 15 millj. kr.

Við ákvörðun stjórnvaldssektar skal Vinnueftirlit ríkisins meðal annars líta til alvarleika brots, til þess hve lengi það hefur staðið yfir, hvort um ítrekað brot hafi verið að ræða sem og samstarfsvilja hins brotlega aðila og umfangs atvinnureksturs hins brotlega aðila.

Stjórnvaldssekt skal beitt óháð því hvort brotið var framið af ásetningi eða gáleysi.

Ekki skal leggja stjórnvaldssekt á einstakling og atvinnurekanda fyrir sama brot. Ef stjórnvaldssekt er lögð á verður öðrum viðurlögum samkvæmt lögum þessum ekki beitt.

Ákvörðun um stjórnvaldssekt skal tilkynnt skriflega á sannanlegan hátt þeim aðila sem sektin beinist að og skal ákvörðuninni fylgja skriflegur rökstuðningur.

Gjalddagi stjórnvaldssektar er 30 dögum eftir að ákvörðun um sektina var tekin. Hafi stjórnvaldssekt ekki verið greidd innan 15 daga frá gjalddaga skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar frá gjalddaga. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer samkvæmt ákvæðum laga um vexti og verðtryggingu.

Heimild Vinnueftirlits ríkisins til þess að leggja á stjórnvaldssekt samkvæmt ákvæði þessu fellur niður þegar fimm ár eru liðin frá því að háttsemi skv. 1. og/eða 2. mgr. lauk.

Stjórnvaldssekt rennur í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við álagningu og innheimtu sektarinnar.

Ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins um stjórnvaldssekt er aðfararhæf.

Að öðru leyti fer um ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins um stjórnvaldssekt samkvæmt ákvæðum stjórnvaldsálagningarlaga.

- g. Fyrirsögn XV. kafla laganna verður: **Viðurlög og refsíákvæði.**
2. *Lög um útsenda starfsmenn og skyldur erlendra þjónustuveitenda, nr. 45/2007:*
Við 7. mgr. 15. gr. a laganna bætast tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Óinnheimtar dagsektir falla ekki niður eftir síðasta sektardag nema Vinnumálastofnun ákveði slíkt sérstaklega. Heimilt er að innheimta dagsektir eftir síðasta sektardag með fjárnámi án undangengins dóms eða sáttar.
 3. *Lög um starfsmannaleigur, nr. 139/2005:*
Við 6. mgr. 11. gr. a laganna bætast tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Óinnheimtar dagsektir falla ekki niður eftir síðasta sektardag nema Vinnumálastofnun ákveði slíkt sérstaklega. Heimilt er að innheimta dagsektir eftir síðasta sektardag með fjárnámi án undangengins dóms eða sáttar.
 4. *Lög um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006:*
Í stað orðanna „1. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda“ í c-lið 1. mgr. 14. gr. laganna kemur: 5. gr. starfskjaralaga.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Undirbúningur vegna frumvarps þessa hófst í október 2018 en þá skipaði þáverandi félags- og jafnréttismálaráðherra samstarfshóp í því skyni að sporna gegn félagslegum undirboðum á innlendum vinnumarkaði í samræmi við stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar þar sem meðal annars kemur fram að vinna þurfi gegn félagslegum undirboðum og efla vinnueftirlit. Í hópnum áttu sæti fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, Bandalagi háskólamanna, BSRB, dómsmálaráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti, forsætisráðuneyti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Samtökum atvinnulífsins. Jafnframt áttu sæti í hópnum fulltrúar frá þáverandi velferðarráðuneyti, embætti ríkislögreglustjóra, ríkisskattstjóra, Vinnueftirliti ríkisins og Vinnumálastofnun en formaður hópsins var skipaður án tilnefningar. Var samstarfshópnum meðal annars ætlað að leggja til aðgerðir sem vænlegar þættu til árangurs í baráttunni gegn félagslegum undirboðum og brotastarfsemi á innlendum vinnumarkaði þar sem samstarf þeirra aðila sem fara með eftirlit á vinnumarkaði væri tryggt. Í lok janúar 2019 skilaði samstarfshópurinn skýrslu sinni, *Skýrsla samstarfshóps félags- og barnamálaráðherra um félagsleg undirboð og brotastarfsemi á vinnumarkaði.*

Hinn 3. apríl 2019 kynntu stjórnvöld aðgerðir sínar til stuðnings svokölluðum lífskjarsamningum á almennum vinnumarkaði sem undirritaðir voru sama dag. Í því skyni að koma til framkvæmda þeim aðgerðum er lúta að vinnumarkaði og falla undir málefnasvið félagsmálaráðuneytisins skipaði félags- og barnamálaráðherra nefnd í september 2019. Í nefndinni

áttu sæti fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi háskólamanna, BSRB, félagsmálaráðuneyti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Samtökum atvinnulífsins. Þá áttu Vinnueftirlit ríkisins og Vinnumálastofnun einnig fulltrúa í nefndinni og var formaður nefndarinnar skipaður án tilnefningar. Hlutverk nefndarinnar var að vinna lagafrumvarp þar sem einkum væri litið til aðgerða á vinnumarkaði sem tilgreindar voru í stuðningi stjórnvalda við framangreinda lífskjarasamninga á almennum vinnumarkaði og falla undir málefna svið félags- og barnamálaráðherra.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Vinnumarkaður hér á landi er vel skipulagður með öflugum samtökum launafólks og atvinnurekenda sem semja sín á milli í kjarasamningum um laun og önnur starfskjör launamanna sem eru þátttakendur á innlendum vinnumarkaði sem og um aðra þætti er varða hagsmuni launafólks og atvinnurekenda. Þá hafa verið settar reglur og mótuð framkvæmd í samskiptum samtaka aðila vinnumarkaðarins sem gefur stéttarfélögum og samtökum atvinnurekenda ríkt umboð til að koma fram fyrir og gæta hagsmuna launafólks, fyrirtækja og stofnana, hvort sem um er að ræða fyrirtæki eða stofnanir á almennum eða opinberum vinnumarkaði.

Opinberum aðilum hefur einnig verið falið að fara með afmarkað eftirlit á innlendum vinnumarkaði og fara Vinnumálastofnun og Vinnueftirlit ríkisins meðal annars með slíkt eftirlit, svo sem á grundvelli laga um starfsmannaleigur, nr. 139/2005, laga um útsenda starfsmenn og skyldur erlendra þjónustuveitenda, nr. 45/2007, laga um vinnustaðaskírteini og eftirliti á vinnustöðum, nr. 42/2010, og laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980. Í aðgerðum stjórnvalda í tengslum við lífskjarasamninga á almennum vinnumarkaði vorið 2019 var gert ráð fyrir enn frekari aðkomu opinberra aðila að eftirliti á innlendum vinnumarkaði.

3. Meginefni frumvarpsins.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sett verði ný heildarlög um starfskjör launafólks í stað laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, nr. 55/1980, auk þess sem lagðar eru til breytingar á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, lögum um útsenda starfsmenn og skyldur erlendra þjónustuveitenda, nr. 45/2007, lögum um starfsmannaleigur, nr. 139/2005, og lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006. Megin tilgangur frumvarpsins er að koma til framkvæmda þeim aðgerðum stjórnvalda í tengslum við lífskjarasamninga á almennum vinnumarkaði vorið 2019 sem falla undir málefna svið félags- og barnamálaráðherra og lúta að vinnumarkaði. Það er jafnframt tilgangur frumvarpsins að styrkja löggjöf hér á landi með það að markmiði að sporna gegn félagslegum undirboðum og brotastarfsemi á innlendum vinnumarkaði.

- *Aðgerðir stjórnvalda á almennum vinnumarkaði sem falla undir málefna svið félags- og barnamálaráðherra og lúta að vinnumarkaði.*
- **Aðgerð 22.**
Heimildir til refsinga verði auknar, í samráði við aðila vinnumarkaðarins, ef atvinnurekandi brýtur gegn lágmarkskjörum launamanns.
- **Aðgerð 23.**
Komið verði upp föstum samráðshópi stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins sem beri ábyrgð á sameiginlegri stefnumótun um aðgerðir gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði.

- **Aðgerð 24.**
Þau stjórnvöld sem fara með valdheimildir á vinnumarkaði (lögreglan, Skatturinn, Vinnueftirlitið, Vinnumálastofnun) geri með sér formlegt samkomulag um skipulegt samstarf gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði. Formbundið verði reglulegt samráð og samstarf þessa samstarfsvettvangs við aðila vinnumarkaðarins um stöðumat, greiningu og sameiginlegt vinnustaðæftirlit.
- **Aðgerð 25.**
Útfært verði hvernig megi fyrirbyggja alvarleg og/eða útrekuð brot gegn starfsmönnum með því að útvíkka refsiaðbyrgð lögáðila og fyrirsvarsmanna.
- **Aðgerð 26.**
Stjórnvöldum verði veittar lagaheimildir til að taka á brotastarfsemi, meðal annars með þvingunarúrræðum og stjórnvaldsviðurlögum.
- **Aðgerð 28.**
Komið verði í veg fyrir brotastarfsemi á vinnumarkaði undir formerkjum starfsnáms eða sjálfboðaliðastarfsemi og markaður skýr rammi um hvað skuli heimilað undir þeim formerkjum.

Gert er ráð fyrir að frumvarpið gildi um laun og önnur starfskjör launamanna en tekið er sérstaklega fram að gildissviðið nái ekki til sjálfboðaliða. Er þannig gert ráð fyrir að sjálfboðaliðastörf falli utan gildissviðsins, enda byggjast þau á langri hefð, en gera verður skýran greinarmun á sjálfboðaliðum, sem ekki gegna almennum störfum launamanna sem eru hluti af efnahagslegri starfsemi fyrirtækja og stofnana, og launamönnum sem starfa fyrir og á ábyrgð atvinnurekanda gegn endurgjaldi.

Í frumvarpi þessu er lagt til að fari atvinnurekandi ekki að fyrirmælum Vinnumálastofnunar, sbr. 3. mgr. 10. gr., þess efnis að frá og með næstu útborgun launa greiði hann ekki lakari laun en kjarasamningur kveður á um, sem og í þeim tilvikum þegar atvinnurekandi veitir stofnuninni ekki fullnægjandi upplýsingar skv. 1. og/eða 2. mgr. 13. gr. innan þess frests sem veittur hefur verið geti Vinnumálastofnun tekið ákvörðun um að hlutaðeigandi atvinnurekandi greiði dagsektir þar til úrbætur hafa verið gerðar.

Enn fremur er lagt til að hafi Vinnumálastofnun tekið ákvörðun um dagsektir skv. 14. gr. og atvinnurekandi hefur ekki gert úrbætur innan sex vikna frá því að ákvörðunin um dagsektir var sannanlega birt hlutaðeigandi atvinnurekanda geti Vinnumálastofnun látið stöðva tíma-bundið starfsemi atvinnurekanda þangað til úrbætur hafa verið gerðar, enda hafi önnur úrræði ekki skilað árangri. Er gert ráð fyrir að starfsmönnum Vinnumálastofnunar verði heimilt að óska eftir aðstoð lögreglu til að framfylgja ákvörðun stofnunarinnar á grundvelli ákvæðisins þegar slíkt er nauðsynlegt að mati stofnunarinnar.

Þá er lagt til að Vinnumálastofnun verði heimilt til að leggja stjórnvaldssekt á atvinnurekanda í þeim tilvikum þegar atvinnurekandi hefur að mati stofnunarinnar greitt launamanni lakari laun en kjarasamningur kveður á um og um stórfellt brot hefur verið að ræða af hálfu atvinnurekandans. Jafnframt er gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun verði heimilt að leggja stjórnvaldssekt á atvinnurekanda hafi hann ítrekað ekki farið að fyrirmælum stofnunarinnar um að hann greiði ekki lakari laun en kjarasamningar kveða á um, sbr. 3. mgr. 10. gr., eða hafi hann veitt stofnuninni rangar eða ófullnægjandi upplýsingar skv. 1. og/eða 2. mgr. 13. gr. Þá er gert ráð fyrir að umrædd heimild Vinnumálastofnunar eigi einnig við hafi atvinnurekandi ekki veitt Vinnumálastofnun upplýsingar skv. 1. og/eða 2. mgr. 13. gr. Gert er ráð fyrir að

umrædd heimild Vinnuálastofnunar eigi við í framangreindum tilvikum óháð því hvort um ásetning eða gáleysi hefur verið að ræða af hálfu atvinnurekandans.

Gert er ráð fyrir að náist ekki samkomulag launamanns og atvinnurekanda um greiðslu vangoldinna launa geti hlutaðeigandi aðilar komist að samkomulagi um að skjóta ágreiningi um vangoldin laun til gerðardóms sem úrskurðar í málinu, meðal annars um það tímabil sem líta beri til, fjárhæð vangoldinna launa auk dráttarvaxta frá gjalddaga samkvæmt lögum um vexti og verðtryggingu. Gert er ráð fyrir að gerðardómi verði að auki heimilt, komi fram sérstök krafa þar um frá viðkomandi launamanni, að úrskurða um að atvinnurekanda beri að greiða launamanni sérstakar skaðabætur til viðbótar hinum vangoldnu launum og dráttarvöxtum enda hafi verið um stórfellt og/eða ítrekað brot að ræða af hálfu atvinnurekanda. Almenn er unnt að fara með mál fyrir Félagsdóm þegar um er að ræða ágreining um túlkun kjarasamninga eða fyrir almenna dómstóla þegar um einkaréttarlega kröfu er að ræða en ætla má að launamaður geti nýtt sér þau úrræði, eftir því sem við á hverju sinni, í þeim tilvikum þegar ekki næst samkomulag á milli launamanns og atvinnurekanda um að skjóta ágreiningi um vangoldin laun til gerðardóms. Úrræði því sem hér um ræðir er ætlað að koma til viðbótar framangreindum úrræðum þannig að launamaður og atvinnurekandi geti fengið aðstoð við að leysa úr ágreiningi um vangoldin laun með einföldum og skjótvirkum hætti án þess að leita til dómstóla.

Með frumvarpi þessu er lagt til að komið verði á laggirnar sérstakri samstarfsnefnd stjórnvalda og samtaka aðila vinnumarkaðarins um aðgerðir gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði. Gert er ráð fyrir að verkefni nefndarinnar verði að koma með tillögu að stefnu og aðgerðaáætlun stjórnvalda hvað varðar áherslur og aðgerðir gegn brotastarfsemi á innlendum vinnumarkaði. Er jafnframt gert ráð fyrir að nefndin skuli afhenda ráðherra tillögu sína innan árs frá alþingiskosningum hverju sinni en slíkt þykir mikilvægt þannig að hver ríkisstjórn hafi tækifæri til marka sér stefnu og grípa til nauðsynlegra aðgerða innan hvers kjörtímabils. Enn fremur er gert ráð fyrir að nefndin afhendi ráðherra skýrslur, eftir því sem þörf krefur að mati nefndarinnar og einnig ef ráðherra óskar sérstaklega eftir því, um stöðuna hvað varðar brotastarfsemi á innlendum vinnumarkaði hverju sinni.

Lagt til að með sérstökum samningum verði komið á fót samstarfsvettvangi opinberra eftirlitsaðila gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði. Fyrsti samningur þess efnis milli lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, Skattsins, Vinnueftirlits ríkisins og Vinnuálastofnunar hefur þegar verið undirritaður og var það gert 15. nóvember 2019. Fram kemur í frumvarpinu að markmiðið með samstarfsvettvangi sé að efla og samræma eftirlit með því að allir aðilar á vinnumarkaði fari að ákvæðum laga, reglugerða og kjarasamninga sem gilda á innlendum vinnumarkaði. Enn fremur er kveðið á um að þær stofnanir sem mynda samstarfsvettvanginn skuli standa fyrir sameiginlegum aðgerðum gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði með eftirliti og virkri eftirfylgni, greiningarvinnu og upplýsingamiðlun á milli aðila innan þeirra marka sem lög heimili. Þá er gert ráð fyrir að þær stofnanir sem mynda samstarfsvettvanginn skuli formbinda reglulegt samráð og samstarf við samtök aðila vinnumarkaðarins um stöðumat, greiningu og sameiginlegt vinnustaðaeftirlit eftir því sem við á.

Loks má nefna að í frumvarpinu er kveðið á um sérstakar skyldur atvinnurekanda sem skuldbindur sig til að taka starfsnema í starfsnám á vinnustað.

Þá eru í frumvarpi þessu lagðar til tilteknar breytingar á öðrum lögum í því skyni að tryggja eins vel og unnt er að framangreindar aðgerðir stjórnvalda komist til framkvæmda en helstu breytingarnar sem hér um ræðir eru á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum

Auk framangreindra aðgerða stjórnvalda í tengslum við lífsskjarasamninga á almennum vinnumarkaði vorið 2019 fellur aðgerð 31 – *Bætt verði verulega upplýsingagjöf til erlendra starfsmanna, til að mynda með stofnun ráðgjafarstofu og aukinni upplýsingagjöf á vefnum. Einnig verði skipulögð upplýsingagjöf til atvinnurekenda um starfskjör* – undir málefnasvið félags- og barnamálaráðherra. Í því sambandi má nefna að í janúar 2021 var komið á fót tilraunaverkefni sem snýr að opnun nýrrar ráðgjafarstofu innflytjenda sem mun meðal annars hafa það hlutverk að sjá um upplýsingagjöf til innflytjenda og hefur Alþýðusamband Íslands verið einn þeirra aðila sem komið hafa að verkefninu. Í tengslum við opnunina er meðal annars gert ráð fyrir að opnuð verði sérstök upplýsingasíða sem hönnuð hefur verið sérstaklega með þarfir innflytjenda í huga. Þá hafa stjórnvöld kynnt að hluti af viðspyrnu stjórnvalda í tengslum við heimsfaraldur kórónuveiru sé að styrkja starfsemi Fjölmenningsseturs, meðal annars með endurbótum á vefsíðu setursins.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Efni frumvarps þessa gefur ekki sérstakt tilefni til mats á samræmi við ákvæði stjórnarskrár eða alþjóðlegar skuldbindingar.

5. Samráð.

Áform um gerð frumvarpsins voru kynnt öðrum ráðuneytum.

Grunnur að frumvarpi þessu var unninn í samstarfshópi sem var skipaður fulltrúum frá félagsmálaráðuneyti, Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi háskólamanna, BSRB, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins, Vinnueftirliti ríkisins og Vinnumálastofnun og er frumvarpið afrakstur þeirrar vinnu.

Í ljósi efnis frumvarpsins sem og þess að frumvarpið var samið í samstarfi við framangreinda aðila þótti ekki ástæða til að kynna sérstaklega drög að frumvarpinu í samráðsgátt stjórnvalda.

6. Mat á áhrifum.

Ætla má að þær breytingar sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir að verði á löggjöf hér á landi í því skyni að sporna gegn félagslegum undirboðum og brotastarfsemi á innlendum vinnumarkaði hafi í för með sér aukna þörf fyrir mannafla til að sinna opinberu eftirliti á vinnumarkaði. Félagsmálaráðuneytið gerir ráð fyrir að árleg fjárhagsáhrif á ríkissjóð verði á bilinu 63–96 millj. kr. Mun kostnaðurinn að mestu koma til vegna fjölgunar starfsmanna, bæði hjá Vinnumálastofnun og Vinnueftirliti ríkisins, en báðum þessum stofnunum er í frumvarpinu ætlað aukið hlutverk frá því sem nú er við eftirlit í því skyni að sporna gegn brotastarfsemi á innlendum vinnumarkaði. Þrátt fyrir framangreint telur ráðuneytið að snarpara eftirlit og varnaðaráhrif fyrirhugaðra laga, verði frumvarpið að lögum, geti haft jákvæð áhrif á ríkissjóð til lengri tíma litið. Þá gerir ráðuneytið ráð fyrir 30 millj. kr. einskíptis hugbúnaðarkostnaði.

Ekki verður séð að þær breytingar sem frumvarpið felur í sér muni hafa mismunandi áhrif á stöðu kynjanna á vinnumarkaði þar sem þeim er ætlað að gilda um innlandan vinnumarkað í heild sinni og þar af leiðandi alla starfsmenn sem starfa á hér á landi, óháð því hvort viðkomandi starfsmenn sem um ræðir hverju sinni eru karlar eða konur.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að frumvarpið gildi um laun og önnur starfskjör launamanna en hugtakið launamaður er skýrt í 4. gr. Jafnframt er lagt til að skýrt komi fram í greininni að gildissviðið

nái ekki til sjálfboðaliða eins og hugtakið er skýrt í 4. gr. Er þannig gert ráð fyrir að sjálfboðaliðastörf falli utan gildissviðsins, enda byggjast þau á langri hefð, en gera verður skýran greinarmun á sjálfboðaliðum, sem ekki gegna almennum störfum launamanna sem eru hluti af efnahagslegri starfsemi fyrirtækja og stofnana, og launamönnum, sem starfa fyrir og á ábyrgð atvinnurekanda gegn endurgjaldi. Þykir brýnt að gera þann greinarmun þar sem síðastliðin ár hefur á innlendum vinnumarkaði borið á því að einstaklingar gegni almennum störfum launafólks í efnahagslegri starfsemi fyrirtækja án þess að þeim séu greidd laun fyrir störf sín en slíkt er andstætt ákvæðum kjarasamninga og meginreglum á vinnumarkaði. Þykir því mikilvægt að bregðast við þeirri þróun. Þess eru dæmi að um sé að ræða störf sem eru þess eðlis að alla jafna væru greidd laun fyrir vinnuframlag þeirra sem gegna þeim samkvæmt ákvæðum kjarasamninga, sbr. 5. gr. Leiða má líkur að því að séu kjarasamningar ekki virtir geti það meðal annars grafið undan starfsemi annarra fyrirtækja og spillt forsendum eðlilegrar samkeppni og dregið þannig úr ávinningi samfélagsins alls af traustu og heilbrigðu atvinnulífi.

Hvað varðar nánari skýringar á hugtakinu sjálfboðaliði vísast til umfjöllunar um hugtakið í skýringum við 4. gr.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 4. gr.

Hér er lagt til að tiltekin hugtök verði skýrð. Er þannig gert ráð fyrir að hugtakið launamaður verði skýrt þannig að um sé að ræða einstakling sem starfar fyrir og á ábyrgð atvinnurekanda gegn endurgjaldi. Í gildandi löggjöf er ekki að finna eina samræmda skýringu á hugtakinu launamaður. Þannig eru notuð mismunandi orð yfir hugtakið, svo sem launamaður, launþegi, starfsmaður, verkamaður og verkafólk í hinum ýmsu lögum og getur hugtakið haft mismunandi merkingu eftir efni þeirra laga sem um er að ræða hverju sinni. Sem dæmi um mismunandi skýringar á hugtakinu launamaður í gildandi löggjöf má nefna 2. mgr. 7. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, a-lið 3. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006, 4. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, og 24. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980. Það hefur því komið í hlut dómstóla að skýra hugtakið launamaður í íslenskum rétti hverju sinni og fyrir liggur löng dómafrákvæmd hvað það varðar. Í ljósi þróunar á vinnumarkaði, sér í lagi hvað varðar ný ráðningarform, má ætla að dómstólar hér á landi gætu til framtíðar litið þurft að hafa til hliðsjónar ný sjónarmið þegar meta þarf hvenær einstaklingar teljast launamenn og hvenær ekki. Í því sambandi má nefna að í inngangsorðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1152 frá 20. júní 2019 um gagnsæ og fyrirsjáanleg vinnuskilyrði í Evrópusambandinu, kemur fram að Evrópu dómstóllinn hafi með dómafordæmum lagt fram ákveðin viðmið til að ákveða hvenær einstaklingar teljast launamenn. Í inngangsorðum (8) tilskipunarinnar kemur meðal annars fram að samkvæmt túlkun Evrópu dómstólsins geti skilgreining á hugtakinu launamaður náð til launamanns sem vinnur við heimilishald, launamanns sem hægt er að kalla til vinnu eftir þörfum, lotustarfsmanns, launamanns sem vinnur á grundvelli inneignarmiða/úttektarmiða, verkvangsstarfsmanns, starfsnema og iðnnema. Aftur á móti sé hver sá sem starfar við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi talinn sjálfstætt starfandi einstaklingur og falli því utan viðmiða Evrópu dómstólsins. Í ljósi framangreinds þykir mikilvægt að

hugtakið launamaður verði skýrt á þá leið að það nái yfir þá aðila sem sannanlega starfa í annarra þágu gegn endurgjaldi án tillits til þess hvernig ráðningarforminu er háttáð.

Enn fremur er gert ráð fyrir að hugtakið starfsnemi verði skýrt þannig að um sé að ræða einstakling sem stundar nám á vinnustað undir umsjón leiðbeinanda á grundvelli viðeigandi samnings sem hefur verið gerður milli hlutaðeigandi atvinnurekanda, viðurkennds fræðsluaðila og einstaklingsins. Jafnframt er gert ráð fyrir að fram komi í skýringunni að það starf eða þau störf sem einstaklingurinn gegnir á vinnustaðnum sé þáttur í námi einstaklingsins. Þykir þetta mikilvægt þar sem starfsnám á vinnustað er oft mikilvægur hluti af námi einstaklinga þar sem nemendur öðlast oft og tíðum dýrmæta þjálfun í að nýta fræðilega þekkingu í raunverulegum viðfangsefnum í atvinnulífinu undir leiðsögn sérfræðinga. Gert er ráð fyrir að um íslenskan eða erlendan fræðsluaðila, þ.m.t. menntastofnun, geti verið að ræða og að viðkomandi aðili sé viðurkenndur á grundvelli þeirra reglna sem gilda um slíka viðurkenningu í hlutaðeigandi ríki hverju sinni. Hér á landi eru fræðsluaðilar ýmist viðurkenndir samkvæmt lögum eða samkvæmt kjarasamningum.

Þá er gert ráð fyrir að hugtakið sjálfboðaliði verði skýrt þannig að um sé að ræða einstakling sem ekki gegnir almennum störfum launamanna sem eru hluti af efnahagslegri starfsemi fyrirtækja eða stofnana. Það er andstætt kjarasamningum og meginreglum á vinnumarkaði að sjálfboðaliðar gangi í almenn störf launafólks í efnahagslegri starfsemi fyrirtækja eða stofnana. Um þessi störf gilda ákvæði kjarasamninga, sbr. 5. gr. Launafólk hefur sinnt þessum störfum og verður því ekki skipt út fyrir sjálfboðaliða. Hefðbundin sjálfboðaliðastörf eiga sér langa sögu hér á landi og eru mikilvæg þeim aðilum sem vinna í þágu almannaheilla að góðgerðar-, menningar- og mannúðarmálum. Sem dæmi má nefna störf sjálfboðaliða í björgunarsveitum, ýmis störf innan Íþróttahreyfingarinnar auk starfa í afmörkuðum verkum í landbúnaði sem byggist á aðstoð vina og ættingja í mjög skamman tíma, svo sem í göngum og réttum. Þá má nefna störf sjálfboðaliða í verkefnum sem tengjast góðgerðar- eða mannúðarmálum hjá ýmsum félagasamtökum, svo sem fyrir Rauða krossinn á Íslandi, Hitt húsið, Hjalpræðisherinn, skátana og Alþjóðleg ungmennaskipti (AUS).

Um 5. gr.

Gert er ráð fyrir að þessi grein verði efnislega samhljóða 1. gr. laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, nr. 55/1980. Hér er því lagt til að skýrt verði kveðið á um að laun og önnur starfskjör sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semji um skuli vera lágmarkskjör óháð öðrum þáttum, svo sem kyni, þjóðerni, eða ráðningartíma, fyrir alla launamenn í viðkomandi starfsgrein á svæði því er samningurinn tekur til. Ekki er því gert ráð fyrir að þeir þættir verði tæmandi taldir í ákvæðinu sem óheimilt er að láta hafa áhrif á þá meginreglu að laun og önnur starfskjör sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semji um skuli vera lágmarkskjör hér á landi. Er þetta lagt til í samræmi við 1. málsl. 1. gr. gildandi laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

Frá því lög um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda tóku gildi árið 1980 hafa ákvæði í íslenskri löggjöf í tengslum við hvers konar mismunun tekið nokkrum breytingum. Má sem dæmi nefna að árið 1995 voru gerðar breytingar á VII. kafla stjórnarskrárinnar, sem almennt er nefndur mannréttindakafli hennar, með það að markmiði að efla, samhæfa og samræma mannréttindaákvæðin þannig að þau myndu betur gegna hlutverki sínu en þágildandi ákvæði gerðu en meðal annars var samþykkt ný 65. gr. Í henni er sett fram almenn jafnræðisregla þar sem kveðið er á um að allir skulir vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Jafnframt er í 7. gr. laga um jafna meðferð á

vinnumarkaði, nr. 86/2018, kveðið á um að hvers kyns mismunun á vinnumarkaði, hvort heldur bein eða óbein, vegna einhverra þeirra þátta sem taldir eru upp í 1. mgr. 1. gr. laganna sé óheimil. Í 1. mgr. 1. gr. laganna er kveðið á um að lögin gildi um jafna meðferð einstaklinga á vinnumarkaði óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu. Einnig má nefna að í 24. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, er kveðið á um að hvers kyns mismunun á grundvelli kyns, hvort heldur bein eða óbein, sé óheimil. Markmið þeirra laga er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Þá má nefna að í 4. gr. laga um tímabundna ráðningu starfsmanna, nr. 139/2003, er kveðið á vernd gegn mismunun fyrir starfsmenn sem eru tímabundið ráðnir, en samkvæmt ákvæðinu skulu tímabundið ráðnir starfsmenn hvorki njóta hlutfallslega lakari starfskjara né sæta lakari meðferð en sambærilegur starfsmaður með ótímabundna ráðningu af þeirri ástæðu einni að hann er ráðinn tímabundið nema það sé réttlætlanlegt á grundvelli hlutlægra ástæðna.

Þá er í greininni lagt til að kveðið verði skýrt á um að atvinnurekendum sé óheimilt að greiða einstaka launamanni lakari laun eða semja við einstaka launamann um lakari kjör en hinir almennu kjarasamningar kveða á um og að slíkir samningar skuli ógildir. Er í þessu sambandi við það miðað að starfskjör, þegar þau eru metin í heild sinni, verði að nema því lágmarki sem kjarasamningur tryggir hverju sinni, sbr. meðal annars dóma Hæstaréttar í málum nr. 273/2010, 118/2007 og 351/1999. Þá er í þessu sambandi jafnframt vísað til 2. máls. 1. gr. gildandi laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda þar sem kveðið er á um að samningar einstaka launamanna og atvinnurekenda um lakari kjör en hinir almennu kjarasamningar ákveði skulu ógildir.

Um 6. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 2. gr. laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, nr. 55/1980. Hvað varðar skýringar við greinina að öðru leyti vísast til athugasemda við frumvarp það er varð að lögum nr. 145/2004 um breytingu á lögum um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, nr. 55/1980.

Um 7. gr.

Hér er lagt til að kveðið verði á um að atvinnurekanda beri ávallt að hafa tiltæk gögn sem sýna fram á að hann hafi ekki greitt lakari laun en kjarasamningur kveður á um hverju sinni, að teknu tilliti til vinnutíma starfsmanns. Þykir þetta mikilvægt þannig að Vinnumálastofnun sé unnt að afla þeirra gagna sem stofnuninni eru nauðsynleg til að leggja mat á hvort atvinnurekandi hafi greitt einstaka launamanni lakari laun en kjarasamningur kveður á um og þannig brotið gegn ákvæði 5. gr. Ekki er þó gert ráð fyrir að talið verði upp í ákvæðinu með tæmandi hætti hvaða gögn geti verið um að ræða þar sem ætla má að það geti verið misjafnt hvaða gögn atvinnurekendur telja best til þess fallin hverju sinni að sýna fram á að ekki hafi verið greidd lakari laun en kjarasamningur kveður á um. Þó er lagt til að í ákvæðinu verði í dæmaskyni kveðið á um að um geti verið að ræða ráðningarsamning eða skriflega staðfestingu ráðningar í samræmi við lög eða kjarasamninga, upplýsingar um vinnutíma starfsmanna, sbr. 57. gr. a laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, sbr. einnig b-lið 1. tölul. 25. gr. frumvarpsins, og önnur gögn er varða kjör launamanna, þ.m.t. launaseðil og staðfestingu á að laun hvers starfsmanns hafi verið greidd í samræmi við það sem kemur fram á launaseðli.

Um 8. gr.

Hér gert ráð fyrir að kveðið verði á um skyldur atvinnurekanda sem skuldbindur sig til að taka starfsnema í starfsnám á vinnustað. Þannig er gert ráð fyrir að atvinnurekanda, sem tekur starfsnema í slíkt starfsnám, beri að sjá til þess að fyrir liggi viðeigandi samningur milli hans, viðurkennds fræðsluaðila og nemans. Í því sambandi er gert ráð fyrir að um íslenskan eða erlendan fræðsluaðila, þ.m.t. menntastofnun, geti verið að ræða og að viðkomandi aðili sé viðurkenndur á grundvelli þeirra reglna sem gilda um slíka viðurkenningu í hlutaðeigandi ríki hverju sinni, sbr. skýringar við 4. gr. Hér á landi eru fræðsluaðilar ýmist viðurkenndir samkvæmt lögum eða samkvæmt kjarasamningum.

Jafnframt er gert ráð fyrir að í samningnum skuli meðal annars koma fram sá tími sem áætlað er að starfsneminn verði í starfsnámi en mikilvægt þykir að umræddur tími sé vel skilgreindur í samningnum þannig að ávallt liggi ljóst fyrir að sá tími sem starfsnemi er í starfsnámi á vinnustað sé í eðlilegu samræmi við starfsnám viðkomandi starfsnema á vinnustaðnum. Er þetta lagt til þar sem ekki er gert ráð fyrir að starfsnemar geti verið í starfsnámi á vinnustað til lengri tíma litið þar sem slíkt nám er í eðli sínu tímabundið. Þá þykir mikilvægt að unnt verði að meta hvort einstaklingur sem sagður er í starfsnámi á vinnustað sé raunverulega í slíku námi, meðal annars út frá þeim tíma sem tilgreindur er í framangreindum samningi, eða hvort eðlilegt megi telja að viðkomandi einstaklingur sé ekki lengur í starfsnámi heldur sé um launamann að ræða. Er í því sambandi átt við að sá tími sem einstaklingurinn er sagður hafa verið í starfsnámi á hlutaðeigandi vinnustað er orðinn það langur að hann telst ekki lengur í eðlilegu samræmi við starfsnám starfsnemans á vinnustaðnum samkvæmt samningnum.

Þá er gert ráð fyrir að starfskjör nemans komi fram í samningnum en með starfskjörum er átt við að í samningnum komi fram hvort starfsneminn fái greitt fyrir starfsnámið í samræmi við ákvæði kjarasamninga sem í gildi eru hverju sinni og/eða hvort miðað sé við að starfsneminn fái tilteknar námseiningar fyrir starfsnámið sem verði þá hluti af heildareiningum námsins hjá viðkomandi starfsnema. Er jafnframt gert ráð fyrir að í þeim tilvikum þegar fyrir liggur kjarasamningur í þeirri starfsgrein sem við á hverju sinni séu starfskjör starfsnema í samræmi við ákvæði þess kjarasamnings.

Enn fremur er gert ráð fyrir að í umræddum samningi komi fram upplýsingar um starfsaðstæður, tryggingar, réttindi viðkomandi starfsnema og lýsing á því starfi eða þeim störfum sem hann komi til með að gegna á vinnustaðnum, hver sé leiðbeinandi hans á vinnustaðnum svo og nánari lýsing hins viðurkennda fræðsluaðila á náminu og staðfesting hans á því að námið á vinnustaðnum og sú atvinnuþátttaka starfsnemans sem þar fer fram sé þáttur í námi nemans. Þá er gert ráð fyrir að atvinnurekanda, sem skuldbindur sig til að taka starfsnema í starfsnám á vinnustað, beri að hafa ávallt tiltækt afrit af framangreindum samningi á gildistíma hans. Er þetta lagt til í því skyni að tryggja að atvinnurekandinn geti ávallt sýnt fram á að starfsnemi, sem er í starfsnámi á vinnustað, sé ekki að gegna öðrum störfum á viðkomandi vinnustað en því starfi eða þeim störfum sem eru þáttur í námi hans hverju sinni. Þykir þetta mikilvægt þar sem litið er svo á að ekki sé um starfsnema í starfsnámi að ræða þegar einstaklingur sem sagður er starfsnemi í starfsnámi á vinnustað gegnir starfi eða störfum á vinnustaðnum sem ekki eru þáttur í námi viðkomandi einstaklings.

Starfsnám starfsnema á vinnustað er oft mikilvægur hluti af námi einstaklings en í slíku námi öðlast starfsnemar oft og tíðum dýrmæta þjálfun í að nýta fræðilega þekkingu í raunverulegum viðfangsefnum í atvinnulífinu undir leiðsögn sérfræðinga. Með ákvæðinu er leitast við að kveða skýrt á um þau skilyrði sem þurfa að vera uppfyllt þegar um er að ræða starfsnema í starfsnámi á vinnustað. Þykir það mikilvægt þannig að unnt sé að greina á milli þeirra einstaklinga sem eru starfsnemar í starfsnámi og annarra þátttakenda á vinnumarkaði, svo sem

launamanna í skilningi frumvarpsins, þar sem um ólík réttindi getur verið um að ræða hvað varða laun og önnur starfskjör eftir því hvort um er að ræða starfsnema eða launamenn.

Um 9. gr.

Í IV. kafla er gert ráð fyrir að kveðið verði á um málsmeðferð í ágreiningsmálum. Er þannig lagt til að í 9. gr. verði kveðið á um að telji launamaður að atvinnurekandi greiði honum og/eða hafi greitt honum lakari laun en kveðið er á um í gildandi kjarasamningi í viðkomandi starfsgrein á því svæði þar sem vinna launamannsins fer fram skuli hann sjálfur, eða með milligöngu stéttarfélags, krefjast þess með sannanlegum hætti að hlutaðeigandi atvinnurekandi leiðrétti launagreiðslur frá og með næstu útborgun launa, þ.m.t. vangoldin laun, áður en launamaðurinn geti óskað eftir aðstoð Vinnumálastofnunar við að fá launagreiðslur leiðréttar, sbr. 10. gr. Þykir slík framkvæmd í samræmi við þá meginreglu að almennt leysi aðilar vinnumarkaðarins úr ágreiningi sem upp kemur í tengslum við túlkun kjarasamninga án aðkomu opinberra aðila. Í ljósi þess þykir því mikilvægt að launamaður sem telur að atvinnurekandi hafi greitt honum lakari laun en kveðið er á um í gildandi kjarasamningi hafi fyrst reynt að fá launagreiðslur leiðréttar, annaðhvort sjálfur eða með milligöngu stéttarfélags, áður en hann getur óskað eftir aðstoð Vinnumálastofnunar við að fá launagreiðslur leiðréttar.

Um 10. gr.

Almennt hafa aðilar vinnumarkaðarins eftirlit með því að farið sé að ákvæðum kjarasamninga á innlendum vinnumarkaði. Er það jafnframt hlutverk stéttarfélaga að bregðast við kvörtunum launamanna telji þeir brotið á kjarasamningsbundnum réttindum sínum í tengslum við þátttöku á vinnumarkaði. Í frumvarpi þessu er ekki gert ráð fyrir breytingu hvað þetta varðar. Hér er hins vegar gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun verði falið afmarkað hlutverk í þessu sambandi en lagt er til að hafi atvinnurekandi ekki orðið við kröfu launamanns um leiðréttingu á launagreiðslum, sbr. 9. gr., geti launamaður óskað eftir aðstoð Vinnumálastofnunar við að fá launagreiðslur leiðréttar. Jafnframt er gert ráð fyrir að hafi launamaður ekki krafist þess að atvinnurekandi leiðrétti launagreiðslur, sbr. 9. gr., áður en hann óskar eftir aðstoð Vinnumálastofnunar við að fá launagreiðslur leiðréttar beri Vinnumálastofnun að vísa málinu frá. Er það lagt til í ljósi þess sem að framan er rakið um hlutverk aðila vinnumarkaðarins þegar kemur að eftirliti með því hvort brotið er gegn ákvæðum kjarasamninga. Þegar launamaður stendur utan stéttarfélags er nægjanlegt að hann hafi sjálfur reynt að fá launagreiðslur leiðréttar áður en hann leitar til Vinnumálastofnunar. Þá er gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun skuli jafnframt vísa málinu frá hafi ráðningarsambandi launamanns og atvinnurekanda lokið áður en launamaður krafðist þess að atvinnurekandi leiðrétti launagreiðslur. Er þetta lagt til í ljósi þess að gert er ráð fyrir að komist Vinnumálastofnun að þeirri niðurstöðu að atvinnurekandi greiði lakari laun en kjarasamningur kveður á um skuli stofnunin gefa atvinnurekandanum fyrirmæli um að hann greiði ekki lakari laun en kjarasamningur kveður á um við næstu útborgun launa.

Við mat á því hvort atvinnurekandi greiði lakari laun en kjarasamningur kveður á um er gert ráð fyrir að horft verði til launakjara í heild sinni í hverju máli fyrir sig en samkvæmt dómum Hæstaréttar, svo sem í málum nr. 273/2010, 118/2007 og 351/1999, skulu starfskjör samkvæmt ráðningarsamningi nema því lágmarki sem kjarasamningur tryggir hverju sinni þegar starfskjörin eru metin í heild sinni. Ekki er gert ráð fyrir að gerðar verði sérstakar kröfur til þess hvers konar upplýsingar geti verið upphaf að máli en þó má ætla að þær verði á einhvern hátt að gefa til kynna að hlutaðeigandi atvinnurekandi greiði lakari laun en kjarasamningur kveður á um. Leiki vafi á því hvort greidd séu eða hvort greidd hafi verið lakari laun en kjarasamningur kveður á um er gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun óski eftir mati

samráðsnefndar til úrlausnar ágreiningsmála, sbr. 6. gr., á því hvort um brot sé að ræða, sbr. 5. gr. Gert er ráð fyrir að með slíkri beiðni skuli fylgja þau gögn sem Vinnumálastofnun telur nauðsynleg svo unnt sé að leggja mat á hvort greidd séu eða hvort greidd hafi verið lakari laun en kjarasamningur kveður á um. Óski Vinnumálastofnun eftir mati samráðsnefndar og niðurstaða fulltrúa samningsaðila í nefndinni er ekki samhljóða er gert ráð fyrir að stofnunin skuli vísa málinu frá. Er þetta lagt til þar sem ekki er gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun skeri úr ágreiningi milli samningsaðila að kjarasamningi um túlkun kjarasamninga.

Komist Vinnumálastofnun að þeirri niðurstöðu að atvinnurekandi greiði launamanni lakari laun en kjarasamningur kveður á um ert gert ráð fyrir að stofnunin gefi atvinnurekanda fyrir-mæli um að frá og með næstu útborgun launa greiði hann ekki lakari laun en kjarasamningur kveður á um. Er jafnframt gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun skuli tilkynna viðkomandi launamanni sem og stéttarfélagi, óski viðkomandi launamaður eftir því, að stofnunin hafi gefið hlutaðeigandi atvinnurekanda framangreind fyrirmæli.

Gert er ráð fyrir að gefi Vinnumálastofnun atvinnurekanda fyrirmæli um að hann greiði ekki lakari laun en kjarasamningur kveður á um beri atvinnurekandanum eða fulltrúa hans að tilkynna stofnuninni með fullnægjandi hætti, svo sem bréflega, rafrænt eða á annan hátt sem stofnunin ákveður, þegar úrbætur hafa verið gerðar. Er þetta lagt til þar sem mikilvægt þykir að Vinnumálastofnun geti fylgt eftir þeim fyrirmælum sem stofnunin gefur verði atvinnurek- endur ekki við þeim innan þess frests sem veittur er hverju sinni. Er í þessu sambandi meðal annars átt við að mikilvægt sé að stofnunin geti metið hvort þær úrbætur sem hafa verið gerðar séu í samræmi við fyrirmæli stofnunarinnar um úrbætur.

Sé ekki unnt að gefa hlutaðeigandi atvinnurekanda fyrirmæli þar sem ráðningarsambandi milli launamanns og þess atvinnurekanda sem í hlut á er lokið þegar Vinnumálastofnun kemst að niðurstöðu um að atvinnurekandinn hafi greitt lakari laun en kjarasamningur kveður á um er gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun vísi málinu frá. Hér er þó eingöngu átt við þann hluta málsins sem snýr að því að stofnunin gefi hlutaðeigandi atvinnurekanda fyrirmæli, sbr. framangreint, en gert er ráð fyrir að stofnunin geti samt sem áður áfram haft aðkomu að þeim hluta málsins sem snýr að samkomulagi um greiðslu vangoldinna launa í samræmi við það sem kveðið er á um í 11. gr. Þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir að Vinnumálastofnun vísi málinu frá, sbr. framangreint, er gert ráð fyrir að stofnunin afhendi stéttarfélagi þær upplýsingar sem stofnunin byggði mat sitt á, enda óski viðkomandi launamaður eftir því. Er þetta lagt til þannig að þær upplýsingar sem Vinnumálastofnun byggði mat sitt á geti nýst hlutaðeigandi stéttar- félagi og viðkomandi launamanni við að knýja á um að atvinnurekandinn sem í hlut á greiði þeim launamanninum vangoldin laun.

Um 11. gr.

Hér er lagt til að kveðið verði á um að innan tíu virkra daga frá því að Vinnumálastofnun hefur beint þeim fyrirmælum til atvinnurekanda að hann leiðrétti launagreiðslur, sbr. 10. gr., skuli stofnunin boða hlutaðeigandi launamann og atvinnurekanda til fundar þar sem þeim verði gefinn kostur á að semja sín á milli, annaðhvort sjálfir eða með aðkomu samráðsnefndar til úrlausnar ágreiningsmála, sbr. 6. gr., um greiðslu vangoldinna launa sem og greiðslu dráttarvaxta og eftir atvikum bóta til launamanns. Gert er ráð fyrir að slíkt samkomulag skuli berast Vinnumálastofnun innan 15 virkra daga frá því að framangreindur fundur fer fram og að stofnunin skuli staðfesta samkomulagið. Þá er gert ráð fyrir að samkomulag sem gert er á grundvelli ákvæðisins og Vinnumálastofnun staðfestir sé aðfararhæft.

Er þannig ekki gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun hlutist til um að atvinnurekandi greiði launamanni vangoldin laun að öðru leyti en því að stofnunin komi á framangreindum fundi

launamanns og atvinnurekanda í þeim tilvikum þegar stofnunin hefur beint þeim fyrir mælum til atvinnurekanda að hann leiðrétti launagreiðslur til launamanns. Í öðrum tilvikum er gert ráð fyrir að þeir launamenn sem í hlut eiga hverju sinni sjái sjálfir, eða með milligöngu stéttarfélags, um að innheimta þær einkaréttarlegu kröfur sem um ræðir, svo sem með sérstökum samningi við hlutaðeigandi atvinnurekanda eða með því að leita til almennra dómstóla.

Um 12. gr.

Hér er lagt til að náist ekki samkomulag launamanns og atvinnurekanda skv. 11. gr. um greiðslu vangoldinna launa geti hlutaðeigandi aðilar komist að samkomulagi um að skjóta ágreiningi um vangoldin laun til gerðardóms sem úrskurðar í málinu, meðal annars um það tímabil sem líta beri til, fjárhæð vangoldinna launa auk dráttarvaxta frá gjalddaga samkvæmt lögum um vexti og verðtryggingu. Gert er ráð fyrir að gerðardómi verði að auki heimilt, komi fram sérstök krafa þar um frá viðkomandi launamanni, að úrskurða um að atvinnurekanda beri að greiða launamanni sérstakar skaðabætur til viðbótar hinum vangoldnu launum og dráttarvöxtum enda hafi verið um stórfellt og/eða ítrekað brot að ræða af hálfu atvinnurekanda. Við mat á því hvort um stórfellt og/eða ítrekað brot hafi verið að ræða af hálfu atvinnurekanda er gert ráð fyrir að meðal annars verði litið til þess hvort atvinnurekandinn hafi einnig greitt öðrum launamönnum sem hjá honum starfa lakari laun en kjarasamningar kveða á um sem og hvort hann hafi ítrekað orðið uppvís að slíkum brotum.

Almennt skipa þeir aðilar sem eiga aðild að ágreiningi hvorn sinn aðila í gerðardóm þegar skipaður er gerðardómur í ágreiningsmálum. Hér er hins vegar lagt til að samningsaðilar að þeim kjarasamningi sem um ræðir hverju sinni skuli skipa hvor sinn fulltrúa í gerðardóm. Er það lagt til í því skyni að tryggja aðkomu samningsaðila að hlutaðeigandi kjarasamningi að lausn ágreiningsmála sem upp kunna að koma varðandi túlkun kjarasamningsins. Enn fremur er gert ráð fyrir að forseti Félagsdóms skuli skipa oddamann í gerðardóminn.

Að öðru leyti en því sem kveðið er á um í ákvæðinu er gert ráð fyrir að um skipan gerðardóms og málsmeðferð dómsins fari samkvæmt ákvæðum laga um samningsbundna gerðardóma, nr. 53/1989. Auk þess er gert ráð fyrir að gerðardómur kveði á um greiðslu málskostnaðar milli aðila eftir kröfu þeirra, þar á meðal kostnaðar sem leiðir af starfsemi gerðardómsins, en frá þessu megi þó víkja með ákvæði í gerðarsamningi. Þá er lagt til að úrskurðir gerðardóms verði aðfararhæfir.

Almennt er unnt að fara með mál fyrir Félagsdóm þegar um er að ræða ágreining um túlkun kjarasamninga eða fyrir almenna dómstóla þegar um einkaréttarlega kröfu er að ræða en ætla má að launamaður geti nýtt sér þau úrræði, eftir því sem við á hverju sinni, í þeim tilvikum þegar ekki næst samkomulag á milli launamanns og atvinnurekanda um að skjóta ágreiningi um vangoldin laun til gerðardóms. Úrræði því sem hér um ræðir er ætlað að koma til viðbótar framangreindum úrræðum þannig að launamaður og atvinnurekandi geti fengið aðstoð við að leysa úr ágreiningi um vangoldin laun með einföldum og skjótvirkum hætti án þess að leita til dómstóla.

Um 13. gr.

Hér er lagt til að kveðið verði á um að hafi launamaður óskað eftir aðstoð Vinnuálastofnunar við að fá launagreiðslur leiðréttar, sbr. 10. gr., skuli atvinnurekandi eða fulltrúi hans láta Vinnuálastofnun í té fullnægjandi upplýsingar sem sýni fram á hvaða laun hafi verið greidd í því tilviki sem um ræðir hverju sinni þannig að stofnuninni sé unnt að leggja mat á hvort atvinnurekandi hafi greitt lakari laun en kjarasamningur kveður á um. Er hér meðal annars átt við upplýsingar og gögn sem sýna fram á að hvaða laun hafi verið greidd, að teknu tilliti til

vinnutíma starfsmanns. Ekki er gert ráð fyrir að kveðið verði með tæmandi hætti á um tiltekin gögn í þessu sambandi enda mismunandi með hvaða hætti atvinnurekendur halda utan um vinnutíma starfsmanna sinna og launagreiðslur til þeirra. Þó má meðal annars nefna þau gögn sem nefnd eru í dæmaskyni í 7. gr. yfir þau gögn sem atvinnurekanda ber ávallt að hafa tiltæk, svo sem afrit af ráðningarsamningi eða skriflegri staðfestingu ráðningar í samræmi við lög eða kjarasamninga, afrit af launaseðlum og afrit af vinnutímaskýrslum. Í þessu sambandi má jafnframt nefna að í b-lið 1. tölul. 25. gr. er lagt til að lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum verð breytt þannig að við lögin bætist nýtt ákvæði, 57. gr. a, þar sem kveðið verði sérstaklega á um skyldu atvinnurekanda til að koma upp áreiðanlegu og aðgengilegu kerfi vegna skráningar vinnutíma starfsmanna sinna sem gefi upplýsingar um hvort farið sé að ákvæðum laganna um hámarksvinnutíma og lágmarkshvöld og haldi jafnframt utan um ávinnslu og úttekt frítökuréttar starfsmanna. Þykir þetta nauðsynlegt þannig að Vinnumálastofnun verði unnt að sinna því eftirliti sem stofnuninni er ætlað.

Jafnframt er gert ráð fyrir að kveðið verði á um að upplýsingar sem atvinnurekandi eða fulltrúi hans skulu veita Vinnumálastofnun skuli vera skriflegar, hvort sem er á rafrænu formi eða á pappír. Auk þess er gert ráð fyrir að þegar um er að ræða gögn á öðru tungumáli en íslensku eða ensku skuli fylgja þeim þýðingar á íslensku eða ensku. Tilgangurinn er að tryggja að þau gögn sem hlutaðeigandi aðilar afhenda Vinnumálastofnun séu á því tungumáli sem ætla má að starfsmenn stofnunarinnar geti almennt skilið og þannig verði stofnuninni kleift að sinna lögbundnu eftirliti sínu. Þrátt fyrir að meginreglan verði sú að atvinnurekandi eða fulltrúi hans afhendi Vinnumálastofnun þýdd gögn á íslensku eða ensku ásamt því skjali sem um ræðir hverju sinni á því tungumáli sem það er, sbr. framangreint, er jafnframt gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun verði í undantekningartilvikum heimilt að ákveða að taka við gögnum á öðrum tungumálum, svo sem þegar stofnunin telur af einhverjum ástæðum ekki þörf á þýðingu viðkomandi gagna á íslensku eða ensku.

Enn fremur er gert ráð fyrir að kveðið verði á um í ákvæðinu að Vinnumálastofnun geti aflað upplýsinga og miðlað þeim að því marki sem stofnuninni verði heimilt, annaðhvort rafrænt eða á annan hátt sem stofnunin ákveður. Þá er gert ráð fyrir að berist Vinnumálastofnun upplýsingar sem gefa til kynna að brotið sé gegn ákvæðum íslenskra laga eða reglugerða verði stofnuninni skylt að afhenda viðeigandi stjórnvaldi upplýsingarnar án ástæðulausrar tafar. Er þetta gert í þeim tilgangi að tryggja að Vinnumálastofnun hafi heimild til að miðla slíkum upplýsingum til viðeigandi stjórnvalda þannig að þau geti þá metið hvort og þá með hvaða hætti þeim beri að bregðast við á grundvelli sinna eftirlitsheimilda. Að sama skapi er gert ráð fyrir að kveðið verði á um að í þeim tilvikum þegar Vinnumálastofnun býr ekki yfir upplýsingum sem eru nauðsynlegar að mati stofnunarinnar til að stofnunin geti haft það eftirlit sem henni er ætlað skuli stofnunin óska eftir upplýsingum frá stjórnvöldum eða eftirlitsfulltrúum samtaka aðila vinnumarkaðarins, sbr. lög um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum. Í samræmi við vandaða stjórnvöldshætti er í þessu sambandi eingöngu átt við að Vinnumálastofnun óski eftir upplýsingum sem koma stofnuninni að gagni við það eftirlit sem stofnuninni er ætlað, svo sem skv. 10. gr. Lagt er til að tekið verði fram í ákvæðinu að hlutaðeigandi aðilum sé skylt að veita Vinnumálastofnun umbeðnar upplýsingar búi þeir yfir þeim. Tilgangur þessa er meðal annars að gera eftirlit Vinnumálastofnunar skilvirkt auk þess að tryggja að stofnunin fái þær upplýsingar sem hún telur sig þurfa til að geta sinnt því eftirliti sem henni er ætlað. Ekki er þó gert ráð fyrir að umræddir aðilar sendi Vinnumálastofnun allar hugsanlegar upplýsingar sem ætla má að geti komið stofnuninni að notum við framkvæmd eftirlitsins heldur er gert ráð fyrir að um sé að ræða upplýsingar sem stofnunin býr ekki yfir en telur nauðsynlegar í þágu eftirlits stofnunarinnar og óskar því eftir þeim frá öðrum aðilum.

Þrátt fyrir framangreint er jafnframt gert ráð fyrir að berist stjórnvöldum eða eftirlitsfulltrúum samtaka aðila vinnumarkaðarins, sbr. lög um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum, upplýsingar sem gefa til kynna að brotið sé gegn ákvæðum laganna, verði frumvarpið að lögum, sé þeim skylt að afhenda Vinnumálastofnun upplýsingarnar án ástæðulausrar tafar. Er þannig lögð áhersla á að gætt sé meðalhófs þannig að ekki sé miðlað öðrum upplýsingum en þeim sem koma Vinnumálastofnun að gagni við lögbundið eftirlit á sama tíma og verið er að undirstrika mikilvægi þess að opinberir aðilar og eftirlitsfulltrúar samtaka aðila vinnumarkaðarins, sbr. lög um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum, hafi með sér samstarf að því marki sem nauðsynlegt er í því skyni að stuðla að því að farið sé að ákvæðum laga og reglugerða sem og ákvæðum kjarasamninga er gilda á innlendum vinnumarkaði. Þannig er í frumvarpi þessu gert ráð fyrir formlegu samstarfi milli lögreglu, Skattsins, Vinnueftirlits ríkisins og Vinnumálastofnunar gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði, sbr. 21. gr. Þykir slíkt samstarf mikilvægt, ekki síst til að koma í veg fyrir félagsleg undirboð eins og frekast er kostur.

Pá er lagt til að starfsmönnum Vinnumálastofnunar sem sinna eftirliti á vinnustöðum verði meðal annars heimilt að fara í eftirlitsheimsóknir á vinnustaði og að þeim skuli veittur aðgangur að hlutaðeigandi vinnustöðum óski þeir eftir því. Jafnframt er lagt til að við slíkt eftirlit beri þeim að sýna sérstök skilríki sem stofnunin gefur út. Enn fremur er gert ráð fyrir að starfsmönnum Vinnumálastofnunar verði heimilt að óska eftir aðstoð lögreglu við framangreint eftirlit á vinnustöðum þegar slíkt er nauðsynlegt að mati stofnunarinnar.

Loks er gert ráð fyrir að skýrt verði kveðið á um að starfsmenn Vinnumálastofnunar séu bundnir þagnarskyldu skv. X. kafla stjórnsýslulaga hvað varðar upplýsingar sem stofnunin hefur til meðferðar, sbr. þó 3. mgr. ákvæðisins en þar er meðal annars gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun geti miðlað upplýsingum að því marki sem stofnuninni er heimilt. Jafnframt er gert ráð fyrir að þagnarskylda starfsmanna Vinnumálastofnunar haldist eftir að þeir hætta störfum hjá stofnuninni. Þannig er gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun geti miðlað upplýsingum sem hún fær við lögbundið eftirlit samkvæmt þeim heimildum sem löggin kveða á um en að öðru leyti séu starfsmenn stofnunarinnar bundnir þagnarskyldu hvað varðar upplýsingar sem stofnunin hefur til meðferðar og skiptir þá hvorki máli í hvaða tilgangi né með hvaða hætti upplýsingarnar berast stofnuninni.

Um 14. gr.

Lagt til að fari atvinnurekandi ekki að fyrirmælum Vinnumálastofnunar, sbr. 3. mgr. 10. gr., þess efnis að frá og með næstu útborgun launa greiði hann ekki lakari laun en kjarasamningur kveður á um, sem og í þeim tilvikum þegar atvinnurekandi veitir stofnuninni ekki fullnægjandi upplýsingar skv. 1. og/eða 2. mgr. 13. gr. innan þess frests sem veittur hefur verið geti Vinnumálastofnun tekið ákvörðun um að hlutaðeigandi atvinnurekandi greiði dagsektir þar til úrbætur hafa verið gerðar. Er gert ráð fyrir að ákvörðun um dagsektir skuli tilkynnt skriflega á sannanlegan hátt þeim atvinnurekanda sem hún beinist að eða fulltrúa hans. Almennt má ætla að tilkynning Vinnumálastofnunar um ákvörðun stofnunarinnar um dagsektir geti verið með ýmsum hætti, svo sem send með hefðbundnum bréfpósti, með ábyrgðarpósti eða rafrænt með tölvubréfi, svo fremi sem Vinnumálastofnun geti fært sönnur á að tilkynningin hafi borist réttum aðila. Í því sambandi má ætla að almennt sé erfiðara að færa sönnur á að tilkynning, sem send hefur verið rafrænt með tölvubréfi, hafi borist réttum aðila en tilkynning sem send hefur verið með ábyrgðarpósti.

Jafnframt er gert ráð fyrir að þeim atvinnurekanda sem fyrirhuguð ákvörðun um dagsektir beinist að skuli veittur frestur til að koma að skriflegum athugasemdum áður en ákvörðun er

tekin. Enn fremur er gert ráð fyrir að skriflegur rökstuðningur skuli fylgja tilkynningu Vinnu-
málastofnunar um fyrirhugaða ákvörðun um dagsektir.

Þá er lagt til að skýrt verði kveðið á um að ákvörðun um dagsektir feli það í sér að sá
atvinnurekandi sem ákvörðunin beinist að skuli greiða sekt fyrir hvern dag frá og með upphafi
fyrsta virka dags eftir að honum var tilkynnt um ákvörðunina og að gjalddagi kröfunnar skuli
jafnframt miðast við það tímamark. Einnig er gert ráð fyrir að miða skuli síðasta sektardag við
þann dag þegar bætt hefur verið úr annmörkum að mati Vinnu-
málastofnunar.

Lagt er til að dagsektir geti numið allt að 1 millj. kr. fyrir hvern dag en við ákvörðun dag-
sekta skuli líta til ýmissa sjónarmiða, svo sem fjölda launamanna þess atvinnurekanda sem
ákvörðunin beinist að, þess hve aðkallandi úrbæturnar teljast, umfangs brots og þess hve
umfangsmikill viðkomandi atvinnurekstur er. Er þannig meðal annars við það miðað að
dagsektir fari stighækkandi eftir því hve umfangsmikið brot er hverju sinni.

Þá er gert ráð fyrir að dagsektir renni í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við álagningu og
innheimtu sektanna. Þykir það mikilvægt þannig að skýrt sé að ekki er gert ráð fyrir að
Vinnu-
málastofnun beri kostnað af því að beita heimild sinni samkvæmt ákvæðinu. Enn fremur
er gert ráð fyrir að ákvörðun Vinnu-
málastofnunar um dagsektir sé aðfararhæf og að óinn-
heimtar dagsektir falli ekki niður eftir síðasta sektardag nema Vinnu-
málastofnun ákveði slíkt
sérstaklega. Þá er gert ráð fyrir að heimilt sé með fjárnámi að innheimta dagsektir eftir síðasta
sektardag án undangengins dóms eða sáttar. Er þannig gert ráð fyrir að unnt sé að innheimta
dagsektir, sem lagðar hafa verið á, eftir að úrbætur hafa verið gerðar. Þykir þetta mikilvægt til
að atvinnurekendur sjái hag sinn í því að verða sem fyrst við fyrirmælum Vinnu-
málastofnunar
um úrbætur.

Loks er gert ráð fyrir að kveðið verði á um að ákvörðun Vinnu-
málastofnunar um dagsektir
fari að öðru leyti samkvæmt ákvæðum stjórnslulaga.

Um 15. gr.

Hér er lagt til að hafi Vinnu-
málastofnun tekið ákvörðun um dagsektir skv. 14. gr. og
atvinnurekandi hefur ekki gert úrbætur innan sex vikna frá því að ákvörðunin um dagsektir
var sannanlega birt hlutaðeigandi atvinnurekanda geti Vinnu-
málastofnun látið stöðva tíma-
bundið starfsemi atvinnurekanda þangað til úrbætur hafa verið gerðar, enda hafi önnur úrræði
ekki skilað árangri. Er gert ráð fyrir að starfsmönnum Vinnu-
málastofnunar verði heimilt að
óska eftir aðstoð lögreglu til að framfylgja ákvörðun stofnunarinnar á grundvelli ákvæðisins
þegar slíkt er nauðsynlegt að mati stofnunarinnar.

Þykir nauðsynlegt að slíkt þvingunarúrræði sé fyrir hendi þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir að
áður en Vinnu-
málastofnun geti beitt úrræðinu hafi stofnunin beitt öðrum úrræðum og þar með
gefið hlutaðeigandi atvinnurekanda tækifæri til að gera úrbætur.

Þar sem gert er ráð fyrir að fyrirmæli Vinnu-
málastofnunar skv. 3. mgr. 10. gr. lúti að því
að atvinnurekandi greiði ekki lakari laun en kjarasamningur kveður á um frá og með næstu
útborgun launa þykir rétt að hér sé kveðið á um sex vikna frest frá því að Vinnu-
málastofnun
hefur tekið ákvörðun um dagsektir og þangað til heimilt verði að beita því úrræði sem hér um
ræðir þannig að atvinnurekandi fái enn frekara svigrúm til að gera úrbætur áður en heimilt
verði að beita úrræðinu.

Um 16. gr.

Lagt til að kveðið verði á um að Vinnu-
málastofnun verði heimilt að leggja stjórnvaldssekt
á atvinnurekanda í þeim tilvikum þegar atvinnurekandi hefur að mati stofnunarinnar greitt
launamanni lakari laun en kjarasamningur kveður á um og um stórfellt brot hefur verið að

ræða af hálfu atvinnurekandans. Enn fremur er gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun verði heimilt að leggja stjórnvaldssekt á atvinnurekanda hafi hann ítrekað ekki farið að fyrirmælum stofnunarinnar um að hann greiði ekki lakari laun en kjarasamningar kveða á um, sbr. 3. mgr. 10. gr., eða hafi hann veitt stofnuninni rangar eða ófullnægjandi upplýsingar skv. 1. og/eða 2. mgr. 13. gr. Þá er gert ráð fyrir að umrædd heimild Vinnumálastofnunar eigi einnig við hafi atvinnurekandi ekki veitt Vinnumálastofnun upplýsingar skv. 1. og/eða 2. mgr. 13. gr. Gert er ráð fyrir að umrædd heimild Vinnumálastofnunar eigi við í framangreindum tilvikum óháð því hvort um ásetning eða gáleysi hefur verið að ræða af hálfu atvinnurekandans.

Gert er ráð fyrir að við mat á því hvort leggja skuli stjórnvaldssekt á atvinnurekanda beri Vinnumálastofnun meðal annars að líta til alvarleika brots, til þess hve lengi það hefur staðið yfir og hvort um ítrekað brot hafi verið að ræða sem og til samstarfsvilja hins brotlega aðila. Er þannig gert ráð fyrir að heimild Vinnumálastofnunar til að leggja á stjórnvaldssekt eigi til að mynda ekki við ef fyrir liggur að um sé að ræða ágreining milli aðila að kjarasamningi um túlkun hans eða þegar rekja má brot til mistaka af hálfu atvinnurekanda eða starfsfólks hans.

Enn fremur er gert ráð fyrir að kveðið verði á um að Vinnumálastofnun beri að tilkynna ákvörðun stofnunarinnar um stjórnvaldssekt skriflega á sannanlegan hátt þeim atvinnurekanda sem sektin beinist að auk þess sem gert er ráð fyrir að ákvörðuninni fylgi skriflegur rökstuðningur. Með sannanlegum hætti er meðal annars átt við að Vinnumálastofnun geti fært sönnur á að tilkynning stofnunarinnar um ákvörðun um stjórnvaldssekt hafi borist réttum aðila. Almennt má ætla að tilkynning Vinnumálastofnunar um ákvörðun stofnunarinnar um stjórnvaldssekt geti verði með ýmsum hætti, svo sem send með hefðbundnum bréfpósti, með ábyrgðarpósti eða rafrænt með tölvubréfi. Í því sambandi má ætla að almennt sé erfiðara að færa sönnur á að tilkynning, sem send hefur verið rafrænt með tölvubréfi, hafi borist réttum aðila en tilkynning sem send hefur verið með ábyrgðarpósti.

Um 17. gr.

Hér er lagt til að sameinaðar verði í eina grein 6. og 7. gr. laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, nr. 55/1980. Er það talið mikilvægt þannig að efni ákvæðanna verði skýrara. Ekki eru lagðar til efnislegar breytingar á ákvæðunum og því vísast til athugasemda við frumvarp það er varð að framangreindum lögum hvað varðar skýringar við 1. og 2. mgr. Hvað varðar skýringu við 3. mgr. vísast til athugasemda við frumvarp það er varð að lögum nr. 33/1987 um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um dráttarvexti.

Um 18. gr.

Í 5. gr. a laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, nr. 55/1980, er kveðið á um að í þeim tilvikum þegar félagi í lífeyrissjóði, sem á rétt á töku fæðingarorlofs samkvæmt lögum nr. 97/1980, ákveður að hverfa úr fyrri starfi að hluta eða öllu leyti og til heimilisstarfa vegna barnsburðar sé þeim lífeyrissjóði, sem viðkomandi er félagsmaður í, skylt að veita félagsmanninum heimild til áframhaldandi aðildar að sjóðnum á óbreyttum grundvelli í allt að sjö ár, enda taki félagsmaður þá að sér að greiða iðgjaldahlut atvinnurekanda ásamt sínum eigin. Í ákvæðinu er jafnframt kveðið á um að slíkur félagsmaður njóti allra sömu réttinda í lífeyrissjóðnum og aðrir félagsmenn, þar á meðal lánsréttinda.

Hér er lagt til að í stað þess að vísað sé til laga nr. 97/1980 í umræddu ákvæði verði vísað til laga um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000. Í þeim lögum er meðal annars kveðið á um að foreldri greiði að lágmarki 4% af fæðingarorlofsgreiðslu í lífeyrissjóð meðan á fæðingarorlofi stendur og að Fæðingarorlofssjóður skuli greiða að lágmarki 11,5% mótframlag. Í ljósi þessa þykir ekki ástæða til að kveða hér á um skyldu lífeyrissjóða til að veita viðkomandi

félagsmanni heimild til áframhaldandi aðildar að hlutaðeigandi sjóði á óbreyttum grundvelli meðan á fæðingarorlofi stendur ákveði félagi í lífeyrissjóði, sem á rétt á töku fæðingarorlofs, að hverfa úr fyrri starfi að hluta eða öllu leyti vegna barnsburðar. Það sem umrætt ákvæði í lögum um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda gerir ráð fyrir að framangreind skylda lífeyrissjóða eigi við í allt að sjö ár, sem er talsvert lengra tímabil en fæðingarorlof foreldra samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof, þykir rétt að kveða á um í ákvæðinu að umræddar skyldur lífeyrissjóða eigi við í allt að sjö ár ákveði félagi í lífeyrissjóði, sem á rétt á töku fæðingarorlofs á grundvelli laga um fæðingar- og foreldraorlof, að hverfa úr fyrri starfi að hluta eða öllu leyti vegna barnsburðar, meðal annars í því skyni að nýta rétt sinn til fæðingarorlofs. Er þá við það miðað að viðkomandi félagsmaður taki þá að sér að greiða iðgjaldahlut atvinnurekanda ásamt sínum eigin iðgjaldahluta eftir að hann hafur fullnýtt rétt sinn til fæðingarorlofs.

Að öðru leyti eru ekki lagðar til breytingar á 5. gr. a laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda og er því ekki um efnisbreytingar að ræða. Hvað varðar frekari skýringar með 5. gr. a er vísað til athugasemda við frumvarp það er varð að lögum nr. 58/1985, um breytingu á lögum nr. 55/1980, um lífeyrisréttindi húsmæðra.

Um 19. gr.

Hér er lagt til að komið verði á laggirnar sérstakri samstarfsnefnd stjórnvalda og samtaka aðila vinnumarkaðarins um aðgerðir gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði en sambærileg nefnd hefur gefið góða raun í Noregi. Er gert ráð fyrir að ráðherra sem fer með málefni vinnumarkaðar hverju sinni skipi nefndina til þriggja ára í senn. Miðað við gildandi forsetaúrskurð um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, nr. 119/2018, er gert ráð fyrir að í samstarfsnefndinni eigi sæti forsætisráðherra, félags- og barnamálaráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra og dómsmálaráðherra. Jafnframt er gert ráð fyrir að fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands, ríkislögreglustjóra, Samtökum atvinnulífsins, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Skattinum, Útlendingastofnun, Vinnumálastofnun og Vinnueftirliti ríkisins eigi sæti í nefndinni. Þá er gert ráð fyrir að Bandalag háskólamanna og BSRB eigi sameiginlegan fulltrúa í nefndinni.

Gert er ráð fyrir að samstarfsnefndin komi saman fullskipuð einu sinni á ári. Með því er átt við að þeir ráðherrar sem skipaðir eru hverju sinni til setu í samstarfsnefndina fundi með nefndinni einu sinni á ári en aðrir fulltrúa í nefndinni geti fundað ofar, eftir því sem þörf krefur, meðal annars í því skyni að vinna tillögu að stefnu og aðgerðaáætlun stjórnvalda hvað varðar áherslur og aðgerðir gegn brotastarfsemi á innlendum vinnumarkaði, sbr. 20. gr.

Lagt er til að ráðherra, sem fer með málefni vinnumarkaðar hverju sinni, annist stjórnslu fyrir nefndina en með því er meðal annars átt við að hann leggi nefndinni til fundaraðstöðu og starfsmann.

Þá er gert ráð fyrir að nefndarmönnum verði skylt að gæta þagmælsku um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir nefndina og leynt skulu fara með samkvæmt lögum eða eðli máls.

Um 20. gr.

Hér er lagt til að ráðherra, sem fer með málefni vinnumarkaðar hverju sinni, feli samstarfsnefnd, sem honum er jafnframt ætlað að skipa, sbr. 19. gr., að koma með tillögu að stefnu og aðgerðaáætlun stjórnvalda hvað varðar áherslur og aðgerðir gegn brotastarfsemi á innlendum vinnumarkaði. Er jafnframt gert ráð fyrir að nefndin skuli afhenda ráðherra tillögu sína innan

árs frá alþingiskosningum hverju sinni en slíkt þykir mikilvægt þannig að hver ríkisstjórn hafi tækifæri til marka sér stefnu og grípa til nauðsynlegra aðgerða innan hvers kjörtímabils.

Jafnframt er gert ráð fyrir að nefndin afhendi ráðherra skýrslur, eftir því sem þörf krefur að mati nefndarinnar og einnig ef ráðherra óskar sérstaklega eftir því, um stöðuna hvað varðar brotastarfsemi á innlendum vinnumarkaði hverju sinni. Ætla má að þörf fyrir slíkar skýrslur geti verið afar mismunandi eftir stöðunni á vinnumarkaði hverju sinni og því þykir mikilvægt að ekki sé tæmandi talið í ákvæðinu hvenær samstarfsnefndin skili slíkum skýrslum til ráðherra.

Um 21. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að með sérstökum samningum verði komið á fót samstarfsvettvangi opinberra eftirlitsaðila gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði. Fyrsti samningur þess efnis milli lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, Skattsins, Vinnueftirlits ríkisins og Vinnumálastofnunar hefur þegar verið undirritaður og var það gert hinn 15. nóvember 2019. Lagt er til að framangreindum aðilum verði jafnframt heimilt að stækka samstarfsvettvanginn með samningum við aðrar stofnanir ef þeir telja þörf á, að fengnu samþykki ráðherra, sem og að óska eftir ráðgjöf og aðstoð frá aðilum sem standa utan við samstarfsvettvanginn telji þeir þörf á því. Er þetta meðal annars lagt til þannig að starfsmenn sem starfa á grundvelli samstarfsvettvangsins sem fulltrúar þeirra stofnana sem mynda vettvanginn geti aflað þeirra upplýsinga sem nauðsynlegar eru hverju sinni í því skyni að ná þeim markmiðum sem að er stefnt. Þannig er gert ráð fyrir að kveðið verði á um að markmiðið með samstarfsvettvangi sé að efla og samræma eftirlit með því að allir aðilar á vinnumarkaði fari að ákvæðum laga, reglugerða og kjarasamninga sem gilda á innlendum vinnumarkaði. Enn fremur er kveðið á um að þær stofnanir sem mynda samstarfsvettvanginn skuli standa fyrir sameiginlegum aðgerðum gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði með eftirliti og virkri eftirfylgni, greiningarvinnu og upplýsingamiðlun á milli aðila innan þeirra marka sem lög heimili. Jafnframt er kveðið á um þagnarskyldu starfsmanna hlutaðeigandi stofnana sem starfa á grundvelli samstarfsvettvangsins, sem og annarra sem kallaðir eru til samstarfs, umfram það sem nauðsynlegt er á grundvelli formlegs samráðs og samstarfs. Er þetta lagt til í ljósi þess að mikilvægt þykir að þær upplýsingar sem fyrrgreindir starfsmenn vinna með hverju sinni séu ekki nýttar í öðrum tilgangi en þeim sem snýr að samstarfinu innan samstarfsvettvangsins enda má ætla að í það minnsta í einhverjum tilvikum geti verið um viðkvæmar upplýsingar að ræða.

Þá er gert ráð fyrir að þær stofnanir sem mynda samstarfsvettvanginn skuli formbinda reglulegt samráð og samstarf við samtök aðila vinnumarkaðarins um stöðumat, greiningu og sameiginlegt vinnustaðaeftirlit eftir því sem við á. Þykir slíkt nauðsynlegt þar sem frumvarp þetta gerir ekki ráð fyrir breytingu hvað varðar þá meginreglu að aðilar vinnumarkaðarins hafi eftirlit með því að farið sé að ákvæðum kjarasamninga á innlendum vinnumarkaði.

Um 22. gr.

Í ákvæðinu er gert ráð fyrir að kveðið verði á um heimild til að kæra ákvarðanir Vinnumálastofnunar til ráðuneytisins og að um slíkar kærur gildi ákvæði VII. kafla stjórnarsýslulaga.

Jafnframt er lagt til að skýrt verði kveðið á um í ákvæðinu að stjórnarsýslukæra fresti ekki réttaráhrifum ákvörðunar Vinnumálastofnunar. Þá er lagt til að tilgreindur verði tveggja mánaða viðmiðunartími hvað varðar málsmeðferðartíma hjá ráðuneytinu sem verður að teljast sá tími sem það tekur að lágmarki að kveða upp úrskurð þar sem farið er að ákvæðum stjórnarsýslulaga. Séu mál sérstaklega umfangsmikil og málsmeðferðin reynist því tímafrekt verður þó að ætla að málsmeðferðartíminn lengist að sama skapi.

Um 23. gr.

Hér er gert ráð fyrir að ráðherra verði heimilt að setja í reglugerð nánari fyriræli um framkvæmd laganna, verði frumvarpið að lögum, svo sem í tengslum við beitingu viðurlaga á grundvelli V. kafla, enda liggja fyrir umsögn samtaka aðila vinnumarkaðarins áður en slík reglugerð verður sett. Er það lagt til þar sem mikilvægt þykir að reglugerðir sem settar verða á grundvelli frumvarpsins eftir gildistöku þess verði unnar í samstarfi við samtök aðila vinnumarkaðarins, ekki síst í ljósi þess að frumvarp þetta gerir ekki ráð fyrir breytingu hvað varðar þá meginreglu að aðilar vinnumarkaðarins hafi eftirlit með því að farið sé að ákvæðum kjarasamninga á innlendum vinnumarkaði.

Um 24. gr.

Hér er gert ráð fyrir að lögin öðlist þegar gildi. Jafnframt er gert ráð fyrir að frá sama tíma falli úr gildi lög um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, nr. 55/1980.

Um 25. gr.

Í 1. tölul. er gert ráð fyrir að kveðið verði á um breytingar á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, í a–g-lið.

Um a-lið 1. tölul.

Hér er lagt til að við 45. gr. laganna bætist ný málsgrein sem miðar að því að auka öryggi við stjórnun véla. Er þannig kveðið á um að stjórnandi vélar skuli vera líkamlega og andlega fær um að stjórna þeirri vél sem um ræðir hverju sinni auk þess sem lagt er bann við því að einstaklingur stjórni eða reyni að stjórna vél í ástandi sem ætla má að dragi mjög úr hæfni hans til þess að stjórna vélinni. Er gert ráð fyrir að reglan verði fortakslaus öryggisins vegna. Ekki er gert ráð fyrir að þau tilvik sem geti gert það að verkum að einstaklingur er ófær um að stjórna tiltekinni vél séu tæmandi talin í ákvæðinu.

Um b-lið 1. tölul.

Lagt er til að við lögin bætist ný málsgrein, 57. gr. a, þar sem kveðið verði á um það nýmæli að atvinnurekendum sé skylt að koma upp áreiðanlegu og aðgengilegu kerfi vegna skráningar vinnutíma starfsmanna sinna sem gefi meðal annars upplýsingar um hvort skilyrði laganna um hámarksvinnutíma og lágmarkshvöld og vikulegan frídag séu virt ásamt því að það gefi upplýsingum um hvort að starfsmenn hafi fengið hvíld síðar ef vikið er frá reglum hvíldartíma og vikulegan frídag samkvæmt lögnum eða kjarasamningum. Er jafnframt gert ráð fyrir að kveðið verði á um að starfsmaður eigi þess kost að nálgast umræddar skráningar 12 mánuði aftur í tímann. Er talið mikilvægt að atvinnurekandi hafi umræddar upplýsingar tiltækar ef upp kemur grunur um brot á ákvæðum laganna. Skráning atvinnurekanda á vinnutíma starfsmanna sinna getur eðli máls samkvæmt verið með mjög mismunandi hætti. Í sumum tilvikum er aldrei um breytingu á vinnutíma að ræða og er í þeim tilvikum því ekki um flókna skráningu á vinnutíma starfsmanna að ræða.

Um c-lið 1. tölul.

Lagt er til að fellt verði brott úr lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum að lækni sem Vinnueftirlitið hafi í þjónustu sinni veiti forstöðu atvinnusjúkdóma- og heilsugæsludeild þar sem mikilvægt þykir að forstöðumenn ríkisstofnana geti aðlagð innra skipulag stofnana þannig að þeir eigi ávallt kost á að skipuleggja starfsemina á hagkvæman hátt þar sem skilvirk framkvæmd verkefna sé tryggð með hagsmuni almennings að leiðarljósi. Er slík framkvæmd meðal annars í samræmi við stjórnendastefnu ríkisins. Breytingar í rekstrarumhverfi stofnana eru óhjákvæmilegar á tímum hraðra tækniframfara og hnattvæðingar samhliða breyttum samfélagsháttum. Í því sambandi þykja rök jafnframt ekki hníga til þess að

skipta stofnunum niður í smáar deildir í stað þess að hafa stærri einingar sem auðvelda boðleiðir og tryggja skilvirk vinnubrögð milli starfsmanna stofnana.

Vinnuumhverfi á vinnustöðum hefur tekið miklum breytingum á undanförunum árum þar sem verkefni verða víða flóknari og sérhæfðari meðan önnur verkefni hverfa með aukinni tækniþróun og sjálfvirknivæðingu. Ljóst er því að starfsemi Vinnueftirlitsins krefst þverfaglegrar sérfræðipækkingar ýmissa sérfræðinga og meðal annars í ljósi þess má ætla að mörg þeirra verkefna sem áður þóttu falla í hlut læknis fari betur í höndum annarra sérfræðinga. Má nefna sem dæmi að allar tilkynningar um slys sem verða á vinnustöðum berast rafrænt til stofnunarinnar og er því með einföldum hætti unnt að kalla fram nauðsynlegar upplýsingar um tíðni slysa og þróun þeirra í því skyni að efla forvarnastarf. Rannsóknir vinnuslysa, forvarnastarf og eftirlit á vinnustöðum krefjast sjaldnast læknisfræðilegrar þekkingar heldur reynir frekari á sérfræðipækkingu á því sviði sem tengist slysum hverju sinni. Starfsmenn sem hafa orðið fyrir slysi eða líður illa leita sér aðstoðar innan heilbrigðis- eða félagskerfisins en Vinnueftirlitið metur hvernig vinnuumhverfið sem slíkt hefur áhrif á starfsmenn og hvaða úrbætur þurfi að gera þannig að öryggi, heilsa og vellíðan starfsmanna séu betur tryggð. Hið sama á við um rannsóknir á orsökum einstakra atvinnusjúkdóma enda þótt sú vinna geti krafist fagþekkingar ólíkra sérgreinalækna eftir eðli sjúkdóma hverju sinni en ekki síður þekkingar annarra sérfræðinga, svo sem efnafræðinga, lífeðlisfræðinga eða sálfræðinga. Í slíkum rannsóknum er tilgangurinn að koma í veg fyrir að fleiri sýkist af þeim sjúkdómi sem um ræðir. Í þessu sambandi getur því verið þýðingarmikið fyrir stofnunina að eiga kost á því að gera þjónustusamning við lækna sem hafa sérþekkingu sem tengist starfsemi stofnunarinnar eins og gildir um aðra sérfræðinga í stað þess að ráða tiltekinn lækni ótímabundið.

Mikilvægt er fyrir störf Vinnueftirlitsins að hafa nákvæmar upplýsingar um vinnuslys, atvinnusjúkdóma og eitranir til að stofnunin geti gripið til ráðstafana í samstarfi við aðra til að koma í veg fyrir eða draga úr hættu á vinnuslysum, atvinnusjúkdómum eða eitrunum. Söfnun upplýsinga um slys hefur tekið hröðum breytingum en atvinnurekendur skila tilkynningum rafrænt til stofnunarinnar. Þýðingarmikið er því að kveða skýrt á um hvernig söfnun slíkra upplýsinga skuli háttáð þannig að vernd persónugreinanlegra upplýsinga verði tryggð. Er því lagt til að kveðið verði á um skyldu Vinnueftirlitsins til að skipuleggja og halda skrá á landsvísi um vinnuslys og kveða á um tilgang slíkrar skrár í lögum. Hið sama gildir um skrá yfir atvinnusjúkdóma og eitranir. Skilgreina þarf vel hvaða upplýsingar stofnunin þarf í því skyni að uppfylla skyldur sínar í tengslum við verkefni sitt við að fylgjast með þróun atvinnusjúkdóma og hvernig koma megi í veg fyrir slíka sjúkdóma með öflugum forvarnastarfi.

Um d-lið 1. tölul.

Í 1. málsl. 8. mgr. 87. gr. laganna er kveðið á um að ákvarðanir Vinnueftirlits ríkisins um dagsektir séu aðfararhæfar. Í 2. málsl. 8. mgr. er síðan kveðið á um að málskot til ráðuneytisins fresti aðför. Hér er lagt til að í stað 2. málsl. 8. mgr. komi tveir nýir málsliðir þar sem kveðið verði á um að óinnheimtar dagsektir falli ekki niður eftir síðasta sektardag nema Vinnueftirlitið ákveði slíkt sérstaklega. Þá er gert ráð fyrir að heimilt sé með fjárnámi að innheimta dagsektir eftir síðasta sektardag án undangengins dóms eða sáttar. Er þannig gert ráð fyrir að unnt sé að innheimta dagsektir, sem lagðar hafa verið á, eftir að úrbætur hafa verið gerðar. Þykir þetta mikilvægt til að atvinnurekendur sjái hag sinn í því að verða sem fyrst við fyrir-mælum Vinnueftirlitsins um úrbætur.

Um e-lið 1. tölul.

Hér er lagt til að á eftir 1. mgr. 99. gr. laganna bætist við fimm nýjar málsgreinar sem kveða á um það nýmæli að það varði sektum eða fangelsi, allt að tveimur árum, liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum að brjóta gegn tilteknum ákvæðum laganna. Er

hér gert ráð fyrir að tiltekin brot á lögnum varði auknum viðurlögum umfram það sem getið er um í 1. mgr. 99. gr. Er þetta lagt til þannig að alvarlegustu brotin gegn ákvæðum laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum varði þyngri viðurlögum en eingöngu sektum. Fordæmi fyrir slíkum viðurlögum má meðal annars finna í 67. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, 65. gr. efnalaga, nr. 61/2013, og 58. gr. laga um mannvirki, nr. 160/2010. Með þessum breytingum er jafnframt verið að tryggja að brot á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum farnist ekki á tveimur árum líkt og nú er en skv. 81. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, en meginreglan er sú að brot farnist eftir því hve refsirammni þess er langur. Í 1. mgr. 99. gr. kemur fram að einungis sé um viðurlög að ræða í formi sekta og farnast því brot gegn ákvæðum laganna á tveimur árum samkvæmt gildandi lögum.

Gert er ráð fyrir að í a-lið 2. mgr. 99. gr. verði kveðið á um að það varði sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gegn 27. gr. eða ef atvinnurekandi eða verkstjóri brýtur gegn 1.–2. mgr. 86. gr. Brot gegn ákvæðum þessum þykja það alvarleg að eðlilegt þykir að þyngri refsing liggi við broti en nú er. Er sú tilhögun í samræmi við framkvæmd annars staðar á Norðurlöndum. Í 27. gr. kemur fram að ef fjarlægja þarf öryggishlífar eða annað tilsvarandi vegna viðgerðar eða niðurstetningar á tæki eða vél skuli sá sem verkið framkvæmir setja öryggisbúnað á sinn stað aftur eða gera aðrar ráðstafanir, sem jafngildar eru, að verki loknu. Í 1.–2. mgr. 86. gr. er síðan kveðið á um að verði atvinnurekandi eða starfsmönnum, sem falin hefur verið verkstjórn, öryggisvarsla eða öryggistrúnaðarstarf, sbr. tiltekin ákvæði laganna, ljóst að skyndilega hafi komið upp bráð hættu á heilsutjóni eða vinnuslysum starfsmanna á vinnustað, svo sem vegna loftmengunar, eitraðra, eldfimra eða hættulegra efna, hættu á hruni jarðvegs, vörustæðu eða burðarvirkis, fallhættu, sprengihættu eða annarrar alvarlegrar hættu, sé þeim skylt að hlutast til um að starfsemin verði stöðvuð strax og/eða að starfsfólk hverfi frá þeim stað þar sem hættuástand ríkir. Enn fremur kemur fram í 2. mgr. 86. gr. að atvinnurekandi beri jafnframt að tryggja að starfsmenn geti sjálfir, ef öryggi þeirra eða annarra er stefnt í bráða hættu, gripið til viðeigandi ráðstafana til að komast hjá afleiðingum hættunnar þegar ekki er unnt að ná sambandi við yfirmann eða starfsmann sem falin hefur verið öryggisvarsla eða öryggistrúnaðarstarf.

Lagt er til að í b-lið 2. mgr. 99. gr. verði gert refsivert að brjóta með stórfelldum eða ítrekuðum hætti gegn 1. mgr. 14. gr., 2. mgr. 23. gr. og 3. mgr. 80. gr. Ákvæðin varða leiðbeiningarskyldu atvinnurekanda eða verkstjóra gagnvart starfsmönnum um hættur í vinnuumhverfinu sem geta valdið slysum eða sjúkdómum. Er lagt til að stórfelld eða ítrekuð brot gegn ákvæðunum skuli varða refsíabýrgð. Í 1. mgr. 14. gr. er kveðið á um að atvinnurekandi skuli gera starfsmönnum sínum ljóst um slysa- og sjúkdómshættu, sem kann að vera bundin við starf þeirra. Auk þess skuli atvinnurekandi sjá um að starfsmenn sínir fái nauðsynlega kennslu og þjálfun í að framkvæma störf sín á þann hátt að ekki stafi hættu af. Í 2. mgr. 23. gr. er kveðið á um að verði verkstjóri var við einhver þau atriði sem leitt geta til hættu á slysum eða sjúkdómum skuli hann tryggja að hættunni sé afstýrt. Sé ekki hægt að afstýra hættunni með því sem tiltækt er á staðnum skuli hann umsvifalaust gera vinnuveitanda viðvart. Í 3. mgr. 80. gr. kemur fram að atvinnurekandi skuli upplýsa starfsmenn sem er hættu búin eða fulltrúa þeirra án tafar um öll slys eða óhöpp þar sem vera kann að hættuleg efni og efnavörur geti valdið mengun.

Gert er ráð fyrir að í c-lið 2. mgr. 99. gr. verði kveðið á um að það sé refsivert að stjórna tiltekinni vél, sbr. 1.–5. mgr. 45. gr. sem er skráningarskyld skv. 49. gr. sem telst ekki jafnframt vera vélknúð ökutæki, undir áhrifum áfengis eða undir áhrifum ávana- og fíkniefna sem

bönnuð eru hér á landi samkvæmt lögum um ávana- og fíkniefni og reglugerðum settum samkvæmt þeim eða ef viðkomandi stjórnandi telst óhæfur til að stjórna ökutæki vegna neyslu lyfja, sbr. 6. mgr. 48. gr. umferðarlaga, nr. 77/2019. Samkvæmt gildandi löggjöf hefur Vinnueftirlit ríkisins beitt 9. gr. reglna nr. 198/1983, um réttindi til að stjórna vinnuvélum, við eftirlit með þeim sem stjórna vinnuvélum en samkvæmt þeim reglum er heimilt að svipta stjórnanda vinnuvélar réttindum í tilteknum tilvikum og að undangenginni rannsókn. Þessu ákvæði hefur hins vegar einungis verið hægt að beita ef lögreglan hefur svipt stjórnanda vinnuvélar ökuréttindum fyrir að hafa stjórnað henni í almennri umferð undir áhrifum áfengis eða fíkniefna og er beiting reglnanna jafnframt háð því að lögreglan sendi Vinnueftirlitinu upplýsingar um brotið. Hins vegar hefur það verið refsilaust að stjórna skráningarskyldri vinnuvél með þeim hætti sem lýst er í ákvæðinu ef hún telst ekki jafnframt vera vélknúð ökutæki, t.d. þegar um er að ræða byggingakrana. Er sú framkvæmd í samræmi við niðurstöðu í dómi Hæstaréttar 18. nóvember 2004 í máli nr. 236/2004, þar sem kom fram að verknaðarlýsing í reglum nr. 198/1983 væri ekki fullnægjandi refsheimild. Í ljósi framangreinds er hér lögð til sú breyting að umrædd háttsemi verði gerð refsiverð samkvæmt lögum.

Lagt er til að í d-lið 2. mgr. 99. gr. verði kveðið á um að ef brot gegn ákvæðum laganna, reglna eða reglugerða settum samkvæmt þeim, leiðir til alvarlegs slyss, dauða starfsmanns eða annarra, eða alvarlegs óhapps þar sem verulega líkur voru á því að afleiðingarnar hefðu orðið þær sömu teljast brotið það alvarlegt að það skuli varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Í því sambandi er ekki gerður greinarmunur á því hvort slys eða dauði hljótist af broti ef verulega líkur voru á því að afleiðingarnar hefðu orðið þær sömu. Sem dæmi má nefna krana sem fellur á byggingarvinnustað og einungis tilviljun réð því að ekki urðu alvarleg slys á fólki.

Gert er ráð fyrir að í 3. mgr. 99. gr. verði kveðið á um að sektir megi ákvarða atvinnurekanda fyrir þau brot sem tiltekin eru í 2. mgr. í samræmi við II. kafla A almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Þá er gert ráð fyrir að í 4. mgr. 99. gr. verði kveðið á um, í samræmi við c-lið 2. mgr. 99. gr., að starfsmenn Vinnueftirlits ríkisins hafi heimildir til að banna stjórnanda að nota skráningarskylda vinnuvél ef grunur er um að hann sé undir áhrifum áfengis eða annarra fíkniefna, en þá skuli lögregla jafnframt kölluð til. Jafnframt er lagt til að lögreglu skuli veittar sömu heimildir til rannsóknar á öndunar-, svita- og munnvatns-, blóðs og þvagsýnum gagnvart stjórnanda skráningarskyldrar vinnuvélar vegna gruns um brot á c-lið 2. mgr. 99. gr. eins og hún hefur skv. 1.–4. mgr. 52. gr. umferðarlaga, nr. 77/2019, gagnvart ökumanni vélknúins ökutækis og kostnaður vegna slíkra rannsókna skuli teljast til sakakostnaðar með sama hætti og skv. 2. málsl. 6. mgr. 52. gr. umferðarlaga.

Lagt er til að í 5. mgr. 99. gr. verði kveðið á um heimild Vinnueftirlits ríkisins til að svipta stjórnendur skráningarskyldra vinnuvéla, sem jafnframt eru ekki vélknúin ökutæki, vinnuvélaréttindum hafi þeir brotið gegn ákvæði c-liðar 2. mgr. 99. gr., eða neitað að veita atbeina sinn við rannsókn máls, skv. 3. mgr. Jafnframt er lagt til að svipting vinnuvélaréttinda skuli vera um ákveðinn tíma, eigi skemur en einn mánuð, eða ótímabundið ef sakir eru miklar eða brot er ítrekað öðru sinni. Svipting vinnuvélaréttinda feli því í sér sviptingu á tilteknum rétti samkvæmt vinnuvélasíkrteini og réttar til að öðlast vinnuvélaréttindi. Er ákvæðið í samræmi við 99.–101. gr. umferðarlaga, nr. 77/2019, eftir því sem við á, til að tryggja að sömu reglur gildi um sviptingu vinnuvélaréttinda og ökuréttinda.

Loks er lagt til að í 6. mgr. 99. gr. verði kveðið á um að Vinnueftirlit ríkisins skuli svipta stjórnendur skráningarskylda vinnuvéla, sem jafnframt eru vélknúin ökutæki, vinnuvélarétt-

indum ef lögregla hefur svipt sömu stjórnendur ökuréttindum vegna stjórnunar vinnuvélarinnar sem ökutækis í sama tíma og undir sömu skilyrðum og þeir voru sviptir ökuréttindum á grundvelli umferðarlaga.

Um f-lið 1. tölul.

Hér er lagt til að á eftir 99. gr. komi nýtt ákvæði, 99. gr. a, þar sem kveðið verði á um það nýmæli að Vinnueftirlit ríkisins hafi heimild til að leggja á stjórnvaldssekt vegna brota geng tilteknum ákvæðum laganna. Mikilvægt þykir að kveðið verði á um heimild til stjórnvaldssektar vegna tiltekinna brota til að auka varnaðaráhrif vegna hugsanlegra brota.

Lagt er til að Vinnueftirlitinu verði heimilt að leggja stjórnvaldssekt á þá aðila sem bera tilteknar skyldur samkvæmt lögnum, nánar tiltekið atvinnurekendur, sbr. 1. mgr. 12. gr., verkkaupa eða fulltrúa verkkaupa, sbr. 1.–2. mgr. 36. gr., og framleiðanda, innflutningsaðila og dreifingaraðila varnings, sbr. 4. gr. laga um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, nr. 134/1995. Þau lög eru að hluta til rammalög er gilda um öll markaðseftirlitsstjórnvöld, þ.m.t. Vinnueftirlit ríkisins. Í 4. gr. þeirra laga er að finna samræmda skilgreiningu á því hverjir teljast til framleiðanda, innflytjenda og dreifingaraðila varnings og er því vísað til þeirra laga varðandi þær skilgreiningar. Samkvæmt lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum hvíla ákveðnar skyldur á framangreindum aðilum, sbr. 48. gr. og 48. gr. a. Allir framangreindir aðilar geta verið annaðhvort atvinnurekandi eða einstaklingur, eftir atvikum.

Lagt er til að í a-lið 1. mgr. verði kveðið á um að það varði stjórnvaldssekt að brjóta gegn fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins um stöðvun vinnu eða lokun starfsemi eða hluta hennar skv. 84. gr. og 85. gr. Í framkvæmd hefur Vinnueftirlitið ekki beitt slíku banni nema mögulega sé fyrir hendi veruleg hættu fyrir líf og/eða heilbrigði starfsmanna og því þykir rétt að brot gegn slíkum fyrirmælum stofnunarinnar geti haft alvarlegar afleiðingar.

Gert er ráð fyrir að í b-lið 1. mgr. verði kveðið á um að það varði stjórnvaldssekt að brjóta gegn fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins um bann við markaðssetningu, bann við notkun, afturköllun eða eyðileggingu á vélum, tækjum og öðrum búnaði skv. 48. gr. a. Um er að ræða alvarleg brot þar sem starfsmönnum og/eða öðrum getur verið veruleg hættu búin ef ekki er farið að slíkum fyrirmælum Vinnueftirlitsins. Jafnframt er ákvæðinu ætlað tryggja með fullnægjandi hætti innleiðingu á ýmsum gerðum Evrópusambandsins í samræmi við skuldbindingar Íslands samkvæmt EES-samningnum. Um er að ræða innleiðingu á 45. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/424 frá 9. mars 2016, um togbrautabúnað og niðurfellingu á tilskipun 2000/9/EB, 45. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/425 frá 9. mars 2016 um persónuhlífar og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 89/686/EBE, 43. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/426 frá 9. mars 2016 um tæki sem brenna loftkenndu eldsneyti og niðurfellingu á tilskipun 2009/142/EB, 47. gr. tilskipunar 2014/68/ESB um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða þrýstibúnað fram á markaði, 40. gr. tilskipunar 2014/29/ESB, um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða hylki fram á markaði og 43. gr. tilskipunar 2014/33/ESB um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi lyftur og öryggisíhluti fyrir lyftur.

Gert er ráð fyrir að í c-lið 1. mgr. verði kveðið á um að það varði stjórnvaldssekt að brjóta gegn fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins um bann við framleiðslu, flutningi eða notkun hættulegra efna og efnavara skv. 2. mgr. 51. gr. Brot gegn slíku banni getur leitt til verulegrar hættu fyrir líf og/eða heilbrigði starfsmanna og því getur brot gegn fyrirmælunum haft alvarlegar afleiðingar.

Lagt er til að í d-lið 1. mgr. verði kveðið á um að það varði stjórnvaldssekt að brjóta ítrekað gegn fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum skv. 37. gr., 42. gr. og 46. gr. sem veitt hafa verið vegna sömu háttsemi eða brots. Ítrekuð brot

gegn fyrirmælum Vinnueftirlitsins vegna sömu háttsemi eða brots þykir alvarlegt brot sem getur talist vera ásetningur eða stórkostlegt gáleysi atvinnurekenda þegar kemur að aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi starfsmanna. Markmið ákvæðisins er að stuðla að því Vinnueftirlitið þurfi ekki að hafa ítrekuð afskipti af sama atvinnurekanda vegna sömu brota gegn ákvæðum laganna og stuðla að því að fyrirmæli Vinnueftirlitsins hafi varnaðaráhrif og komi þannig jafnframt í veg fyrir vinnuslys og/eða atvinnusjúkdóma. Sem dæmi mætti taka að Vinnueftirlitið veiti atvinnurekanda fyrirmæli um skort á fallvörnum á verkpöllum á byggingarvinnustað og úrbætur eru síðan framkvæmdar eftir að vinna er bönnuð á verkpöllum. Síðar kæmi í ljós við aðra eftirlitsskoðun stofnunarinnar að fallvarnir verkpalla hjá sama atvinnurekanda væru aftur komnar í ólag og stofnunin þyrfti því aftur að veita sama atvinnurekanda fyrirmæli vegna sama brots. Til þess að minnka líkur á að slík háttsemi atvinnurekanda endurtaki sig ítrekað er mælt fyrir um í þessu ákvæði að háttsemin geti varðað stjórnvaldssektum.

Lagt er til að í e-lið 1. mgr. verði kveðið á um að það varði stjórnvaldssekt að brjóta gegn ákvæðum reglugerðar um bann við notkun asbests á vinnustöðum. Asbest er verulega hættulegt fyrir líf og heilbrigði starfsmanna og er því um að ræða mjög alvarlegt brot þegar brotið er gegn ákvæðum reglugerðarinnar. Í reglugerðinni er kveðið á um þá meginreglu að notkun asbests sé óheimil á vinnustöðum. Heimilt er að veita undanþágu frá framangreindri meginreglu þegar um niðurrif asbests er að ræða, t.d. í byggingum, byggingarhlutum, vélum og öðrum búnaði sem inniheldur asbest. Samkvæmt ákvæðum reglugerðarinnar er niðurrif asbests eingöngu heimilt þegar Vinnueftirlitið hefur veitt leyfi fyrir hvert verk og þeir starfsmenn sem sinna niðurrifinu hafa gengið undir sérstakt námskeið og heilsufarsskoðun. Í reglugerðinni er einnig kveðið á um hvaða önnur skilyrði skuli vera uppfyllt þannig að Vinnueftirlitin sé heimilt að veita framangreinda undanþágu, svo sem notkun viðeigandi persónuhlífa og hvernig standa eigi að verkinu að öðru leyti.

Lagt er til að í f-lið 1. mgr. verði kveðið á um að það varði stjórnvaldssekt að brjóta gegn 5. mgr. 36. gr., 60. gr. eða 1.–2. mgr. 80. gr. Brot gegn fyrirmælum sem þar koma fram þykja það alvarleg að ekki þurfi að tiltaka að brotið þurfi að vera alvarlegt eða ítrekað til að Vinnueftirlitin sé heimilt að leggja á stjórnvaldssekt við broti.

Í 5. mgr. 36. gr. er kveðið á um að verkkaupa eða fulltrúa verkkaupa sé skylt að tilkynna til Vinnueftirlits ríkisins um vinnustað áður en vinna hefst þegar um er að ræða byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerð og ráðgert er að vinna standi yfir lengur en í 30 daga og fleiri en 20 starfsmenn verði við vinnu samtímis. Hið sama á við þegar ráðgert er að vinna við slík verk taki lengri tíma en nemur 500 dagsverkum. Ákvæðið hefur verið útfært nánar í reglum nr. 547/1996 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð, meðal annars hvað skuli koma að lágmarki fram í framangreindri, sbr. heimild í 10. mgr. 36. gr. Brýnt þykir að Vinnueftirlitið fái tilkynningar um verk í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð sem eru af þessari stærðargráðu svo að hægt sé að tryggja öryggi og heilbrigði þeirra starfsmanna sem um ræðir. Við ákvörðun sekta samkvæmt þessu ákvæði verður þó að ætla að Vinnueftirlitin beri að líta til þess hvort Vinnueftirlit ríkisins hafi haft fullnægjandi vitneskju um starfsemina áður en framkvæmdir hófust, jafnvel þótt tilkynning hafi ekki borist stofnuninni, eða hvort verkkaupi eða fulltrúi hans hefði mátt sjá fyrir að umfang starfseminnar yrði með þeim hætti að tilkynna bæri starfsemina til Vinnueftirlitsins.

Í 1. mgr. 60. gr. er kveðið á um ekki megi ráða börn til vinnu, en skv. 59. gr. eru börn skilgreind sem einstaklingar sem eru undir 15 ára aldri eða eru í skyldunámi. Í 2. mgr. 60. gr. koma síðan fram þrjú undanþágutilvik sem heimila að víkja frá meginreglu 1. mgr. Í fyrsta lagi er heimilt að ráða börn til að taka þátt í menningar- eða listviðburðum og íþrótt- eða

auglýsingastarfsemi en sá sem ræður börn sem ekki hafa náð 13 ára aldri skal afla leyfis frá Vinnueftirliti ríkisins áður en til ráðningar kemur. Í öðru lagi er heimilt að ráða börn 14 ára og eldri til vinnu sem er hluti af fræðilegu eða verklegu námsfyrirkomulagi. Í þriðja lagi er heimilt að ráða börn sem náð hafa 14 ára aldri til starfa af léttara tagi. Börn, sem náð hafa 13 ára aldri, má ráða til starfa af léttara tagi í takmarkaðan stundafjölda á viku, svo sem léttra garðyrkju- og þjónustustarfa og annarra hliðstæðra starfa. Í reglugerð nr. 426/1999 um vinnu barna og unglunga hafa svo þessar undanþágur verið nánar útfærðar samkvæmt heimild í 63. gr. f. Hér getur verið um að ræða einstaklinga í viðkvæmri stöðu og því afar mikilvægt að koma í veg fyrir að þeir verði fyrir vinnuslysum. Er því talið nauðsynlegt að Vinnueftirliti ríkisins verði heimilt að beita stjórnvaldssektum við brotum gegn þessum ákvæðum.

Í 1.–2. mgr. 80. gr. er kveðið á um að atvinnurekandi skuli tilkynna Vinnueftirliti ríkisins án ástæðulauss dráttar og eigi síðar en innan sólarhrings um öll slys eða óhöpp þar sem kunnir að vera hvers konar hættuleg efni eða efnavörur sem geta valdið mengun. Skal atvinnurekandi veita upplýsingar um aðstæður á slysstað, um hvers konar efni er að ræða og hvaða ráðstafana gripið hafi verið til eftir því sem frekast er unnt. Þá skal atvinnurekandi innan viku tilkynna skriflega um slysið eða óhappið til Vinnueftirlits ríkisins. Þeir aðilar sem starfa að vinnuvernd innan fyrirtækja, sbr. 4.–6. gr., og þjónustuaðili, sbr. 66. gr. a, skulu fá afhent afrit af tilkynningunni. Mikilvægt þykir að atvinnurekendur sinni skyldu sinni samkvæmt þessum ákvæðum og tilkynni til Vinnueftirlitsins um slys eða óhöpp þar sem vera kann að hvers konar hættuleg efni eða efnavörur geti valdið mengun. Þá þykir mikilvægt að Vinnueftirlitið fái vitneskju um slík slys og óhöpp án ástæðulausrar tafar til þess að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana til að vernda starfsmenn og rannsaka orsakir slíkra atvika í samræmi við 81. gr. og koma þannig í veg fyrir að sambærileg atvik endurtaki sig. Einnig þykir mikilvægt að þessi slys og óhöpp séu skráð í slysagagnagrunn Vinnueftirlitsins til þess að greina áhættuþætti í atvinnulífinu og beina eftirliti þangað sem þörfin er mest hverju sinni.

Gert er ráð fyrir að í g-lið 1. mgr. verði lagt til að það varði stjórnvaldssekt að brjóta með stórfelldum og alvarlegum hætti gegn 1.–2. mgr. 53. gr., 1.–2. mgr. 54. gr. eða 55. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 53. gr. skal vinnutíma hagað þannig að á hverjum 24 klukkustundum, reiknað frá byrjun vinnudags, fái starfsmenn að minnsta kosti 11 klukkustunda samfellda hvíld. Skv. 2. mgr. 53. gr. er heimilt með samkomulagi samtaka aðila vinnumarkaðarins að stytta samfelldan hvíldartíma í allt að átta klukkustundir ef eðli starfs eða sérstakir atvinnuhættir gera frávik nauðsynleg. Skv. 1. mgr. 54. gr. skal starfsmaður á hverju sjö daga tímabili fá a.m.k. einn vikulegan frídag sem tengist beint daglegum hvíldartíma. Skv. 2. mgr. 54. gr. er heimilt að víkja frá framangreindri meginreglu með samningum samtaka aðila vinnumarkaðarins ef sérstök þörf er á vegna eðlis hlutaðeigandi starfa að fresta vikulegum frídegi þannig að starfsmaður fái samsvarandi hvíldartíma síðar og ávallt innan 14 daga. Þar sem sérstakar ástæður gera slík frávik nauðsynleg má þó ákveða með samkomulagi á vinnustað að fresta vikulegum hvíldartíma þannig að í stað vikulegs frídags komi tveir samfelldir frí dagar á hverjum tveimur vikum. Skv. 1. mgr. 55. gr. skal hámarksvinnutími starfsmanna á viku að yfirvinnu meðtalinni ekki vera umfram 48 klukkustundir að meðaltali á hverju fjögurra mánaða tímabili. Skv. 2. mgr. 55. gr. er heimilt með samkomulagi samtaka aðila vinnumarkaðarins að reikna hámarksvinnutíma starfsmanna út frá viðmiðunartímabili sem má vera allt að sex mánuðir. Skv. 3. mgr. 55. gr. er samtökum aðila vinnumarkaðarins heimilt að ákveða með samningum að hámarksvinnutími starfsmanna skuli reiknaður út frá viðmiðunartímabili sem er allt að 12 mánuðir, að gættum meginreglum laganna um öryggis- og heilsuvernd starfsmanna ef fyrir liggja hlutlægar eða tæknilegar ástæður eða vegna sérstaks eðlis hlutaðeigandi starfa. Samtök aðila vinnumarkaðarins hafa gert með sér samkomulag vegna fráviks skv.

2. mgr. 53. gr., 2. mgr. 54. gr. og 2.–3. mgr. 55. gr. og flestir kjarasamningar nýta sér undanþágurnar. Til að mynda er átta klukkustunda samfelld hvíld á sólarhring í raun meginreglan á innlendum vinnumarkaði. Í kjarasamningum er kveðið á um að atvinnurekandi skuli greiða starfsmanni bætur ef brotið er gegn lögum eða kjarasamningum hvað varðar daglegan hvíldartíma, vikulegan frídag eða hámarksvinnutíma og er því eingöngu talið nauðsynlegt að tryggja öflug varnaðaráhrif í lögum þessum gegn stórfelldum og alvarlegum brotum á umræddum greinum. Með stórfelldu og alvarlegu broti er átt við að ekki getur verið um að ræða einfalt brot og minni háttar frávik auk þess sem brotið verður að hafa í för með sér hættu fyrir líf og heilbrigði starfsmanna. Sem dæmi má nefna að þegar starfsmenn vinna við vélar og tæki getur skortur á hvíld leitt til alvarlegra afleiðinga fyrir starfsmenn og aðra almannahagsmuni, en einnig getur skortur á hvíld leitt til kulnunar í starfi ef brotið er stórfellt og alvarlegt.

Gert er ráð fyrir að í h-lið 1. mgr. verði lagt til að það varði stjórnvaldssekt að brjóta með stórfelldum eða ítrekuðum hætti gegn 1. mgr. 48. gr., 1. mgr. 50. gr. og 1. mgr. 51. gr. a. Hér þykja stórfelld eða ítrekuð brot gegn þeim fyrirmælum sem fram koma í fyrrgreindum ákvæðum vera það alvarleg að það skuli varða stjórnvaldssekt að brjóta gegn þeim með þeim hætti sem lýst er. Í 1. mgr. 48. gr. er kveðið á um að óheimilt sé að setja á markað eða taka í notkun tegund véla, tækja eða annars búnaðar sem uppfyllir ekki reglur um öryggi og formskilyrði, svo sem um merkingar, leiðbeiningar, vottorð, yfirlýsingar um samræmi eða prófunarskýrslur, sem sett eru samkvæmt lögum þessum, sérreglum sem settar eru á grundvelli þeirra eða viðurkenndum stöðlum er gilda á sameiginlegum markaði ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu. Mikilvægt er að starfsmenn vinni með örugg tæki og vélar, en ein alvarlegustu vinnuslysins verða einmitt vegna slíks búnaðar. Misbrestur hefur verið á því að eingöngu séu flutt inn eða framleidd örugg tæki og vélar í samræmi við viðurkennda staðla. Mikilvægt þykir að tryggja varnaðaráhrif gegn því að brotið sé gegn þessari skyldu atvinnurekenda, framleiðenda og innflytjenda með því að kveða á um stjórnvaldssekt ef brotið er gegn ákvæðinu með stórfelldum eða ítrekuðum hætti. Einnig þykir nauðsynlegt að kveða á um heimild Vinnueftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssekt vegna framangreinds brots til að tryggja innleiðingu á ýmsum gerðum Evrópusambandsins í samræmi við skuldbindingar Íslands samkvæmt EES-samningnum. Um er að ræða innleiðingu á 45. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/424 frá 9. mars 2016, um togbrautabúnað og niðurfellingu á tilskipun 2000/9/EB, 45. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/425 frá 9. mars 2016 um persónuhlífar og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 89/686/EBE, 43. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/426 frá 9. mars 2016 um tæki sem brenna loftkenndu eldsneyti og niðurfellingu á tilskipun 2009/142/EB, 47. gr. tilskipunar 2014/68/ESB um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða þrýstibúnað fram á markaði, 40. gr. tilskipunar 2014/29/ESB um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða hylki fram á markaði og 43. gr. tilskipunar 2014/33/ESB um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi lyftur og öryggisíhluti fyrir lyftur.

Í 1. mgr. 50. gr. er kveðið á um að á vinnustöðum þar sem hættuleg efni eða efnavörur, efnaúrgangur eða spilliefni, þ.m.t. sprengifim efni, eldfim efni og sprengiefni, eru notuð eða kunna að vera notuð skuli atvinnurekandi gæta þess að þeim framleiðslu-, starfs- og vinnsluáðferðum sé beitt sem tryggja að starfsmenn séu varðir gegn slysum, mengun og sjúkdómum. Fjöldi reglna hefur verið settur um þær framleiðslu-, starfs- og vinnsluáðferðir sem beita skal til að tryggja að starfsmenn séu varðir gegn slysum, mengun og sjúkdómum og má þar nefna reglur nr. 98/2002 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna sem geta valdið krabbameini eða stökkbreytingu á vinnustöðum, reglugerð nr. 553/2004 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðum og reglugerð nr. 390/2009 um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum. Stórfellt eða ítrekað

brot gegn þessu ákvæði þykir alvarlegt brot og því mikilvægt að Vinnueftirlitið hafi heimild til að leggja á stjórnvaldssekt ef brotið er gegn ákvæðinu með stórfelldum eða ítrekuðum hætti.

Í 1. mgr. 51. gr. a er kveðið á um að á vinnustöðum þar sem hættuleg efni eða efnavörur eru notuð eða kunna að vera notuð í þeim mæli að við slys geti skapast umfangsmikil hættu fyrir fólk og umhverfi skal atvinnurekandi gera öryggisráðstafanir til að koma í veg fyrir slík slys. Enn fremur skal atvinnurekandi gera ráðstafanir til að unnt sé að bregðast við slíkum slysum svo að tafarlaust megi draga úr afleiðingum þeirra. Þessi skylda til að koma í veg fyrir og bregðast við stórslysum af völdum hættulegra efna hefur verið nánar útfærð í reglugerð nr. 1050/2017, um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna. Stórfellt eða ítrekað brot gegn þessu ákvæði er mjög alvarlegt brot og mikilvægt þykir að Vinnueftirlitið hafi heimild til að leggja á stjórnvaldssekt ef brotið er gegn ákvæðinu

Gert er ráð fyrir að í i-lið 1. mgr. verði kveðið á um að það varði stjórnvaldssekt að brjóta gegn ákvæðum laganna og/eða reglum og reglugerðum settum samkvæmt þeim þegar brotið veldur loftmengun eitraðra eða eldfimra eða hættulegra efna, sprengihættu, klemmihættu, skurðhættu, fallhættu eða hættu á hruni jarðvegs, verkpalls, vörustæðu, gáma, kerja og burðarvirkis sem skapar verulega hættu fyrir líf og heilbrigði starfsmanna. Á grundvelli 85. gr. getur Vinnueftirlitið bannað vinnu við þessar aðstæður. Mikilvægt þykir að Vinnueftirlitið geti jafnframt lagt á stjórnvaldssekt þegar brotið er gegn ákvæðinu með þeim hætti sem lýst er hér að framan.

Lagt er til að í j-lið 1. mgr. verði kveðið á um að það varði stjórnvaldssekt að tilkynna ekki eða veita rangar eða villandi upplýsingar um vinnuslys sem leiðir til dauða eða veldur langvinnu eða varanlegu heilsutjóni í samræmi við 1. mgr. 79. gr. Er talið mikilvægt í ljósi þeirra alvarlegu hagsmuna sem um er að ræða að Vinnueftirlit ríkisins geti beitt sektarheimildum ef upplýsingar sem stofnunin fær eru rangar eða villandi eða henni er ekki tilkynnt um slys sem að framan greinir og sú háttsemi hafi haft þýðingu vegna rannsóknar máls. Á það ekki síst við til að unnt sé að rannsaka orsök slyssins og koma þannig í veg fyrir að slík slys endurtaki sig. Við ákvörðun sekta samkvæmt ákvæðinu má ætla að Vinnueftirlitinu beri meðal annars að líta til þess hvort stofnunin hafi haft fullnægjandi vitneskju um slysið jafnvel þó að tilkynning hafi ekki borist stofnuninni

Gert er ráð fyrir að í k-lið 1. mgr. verði kveðið á um að það varði stjórnvaldssekt að ráða börn til vinnu við þær aðstæður sem kveðið er á um í 62. gr. en skv. 59. gr. eru börn skilgreind sem einstaklingar sem eru undir 15 ára aldri eða eru í skyldunámi. Í 62. gr. er kveðið á um aðstæður þar sem óheimilt er að ráða ungmenni, þ.m.t. börn, til vinnu og eru þar ákveðnar aðstæður tiltekna, svo sem vinnu sem er líklega ofvaxin líkamlegu eða andlegu atgervi, vinnu sem veldur varanlegu heilsutjóni, vinnu þar sem hættu er skaðlegri geislun, vinnu þar sem fyrir hendi er slyshættu sem gera má ráð fyrir að börn og unglingar geti átt í erfiðleikum með að átta sig á eða forðast vegna andvaraleysis eða skorts á reynslu eða þjálfun, vinnu sem felur í sér hættu fyrir heilsu þeirra vegna óvenjumikils kulda, hita, hávaða eða titrings og vinnu þar sem hættu er á ofbeldi og annarri sérstakri hættu að því undanskildu að ungmennin starfi með fullorðnum. Hér er um að ræða einstaklinga sem geta verið í viðkvæmri stöðu og því afar mikilvægt að koma í veg fyrir að þeir verði fyrir vinnuslysum. Er því talið nauðsynlegt að Vinnueftirliti ríkisins verði heimilt að beita stjórnvaldssektum við brotum gegn þessum ákvæðum.

Gert er ráð fyrir að í l-lið 1. mgr. verði kveðið á um að það varði stjórnvaldssekt að veita Vinnueftirliti ríkisins rangar eða ófullnægjandi upplýsingar að mati stofnunarinnar um þau atriði sem veita skal stofnuninni upplýsingar um skv. 5. mgr. 36. gr. 58. gr., 1.–2. mgr. 80. gr. og 2.–3., 5. og 10. mgr. 82. gr. Öll framangreind ákvæði eiga það sameiginlegt að í þeim er

kveðið á um skyldur atvinnurekanda eða annarra að tilkynna Vinnueftirlitinu um tiltekin atriði eða veita stofnuninni upplýsingar um tiltekin atriði. Mikilvægt þykir að sá sem tilkynnir til Vinnueftirlitsins um fyrirhugaða byggingarvinnustaði (5. mgr. 36. gr.), um úrbætur vegna fyrirmæla sem Vinnueftirlit hefur veitt honum (10. mgr. 82. gr.) eða veitir starfsmönnum Vinnueftirlitsins upplýsingar er tengjast eftirliti þeirra (2.–3. og 5. mgr. 82. gr. og 58. gr.), veiti starfsmönnum Vinnueftirlitsins réttar upplýsingar og reyni ekki að villa um fyrir þeim. Vinnueftirlitið getur ekki sinnt lögbundnu hlutverki sínu nema stofnuninni séu veittar réttar upplýsingar með skýrum hætti. Er því lagt til að það varði stjórnvaldssekt að veita stofnuninni rangar og ófullnægjandi upplýsingar að mati stofnunarinnar um þau atriði sem talin eru upp í framangreindum ákvæðum.

Gert er ráð fyrir að í 2. mgr. ákvæðisins verði kveðið á um að Vinnueftirlit ríkisins geti lagt stjórnvaldssekt á starfsmann, sbr. 24. gr., sem brýtur gegn 6. mgr. 45. gr. eða 1. másl. 4. mgr. 99. gr. Er talið að sumar skyldur samkvæmt lögunum séu þess eðlis að þær leggist á starfsmenn en ekki atvinnurekanda en mikilvægt þykir að umræddir starfsmenn sinni þessum skyldum sínum. Er því lagt til að brjóti starfsmaður gegn skyldu sinni samkvæmt framan- greindum ákvæðum verði Vinnueftirlitinu heimilt að leggja á stjórnvaldssektir.

Lagt er til að í a-lið 2. mgr. verði kveðið á um að það varði stjórnvaldssektum þegar starfs- maður brýtur gegn 6. mgr. 45. gr. Í 6. mgr. 45. gr. er kveðið á um að sá einn megi stjórna tiltekinni vél, sbr. 1.–5. mgr. og 1. mgr. 46. gr., sem hefur öðlast fullgild réttindi til að stjórna þeirri vél sem um ræðir hverju sinni samkvæmt reglum sem hafa verið settar á grundvelli 3. mgr. 49. gr. Hér er um að ræða réttindi sem tengd eru starfsmanni og því eðlilegt að hann beri ábyrgð ef brotið er gegn ákvæðinu. Í 6. mgr. 45. gr. er jafnframt verið að vísa til þess að stjórnandi vinnuvélar, sem er skráningarskyld samkvæmt núgildandi reglum nr. 388/1989 um skráningu og skoðun farandvinnuvéla og vinnuvéla, skuli hafa öðlast fullgild réttindi sam- kvæmt núgildandi reglum nr. 198/1983 um réttindi til að stjórna vinnuvélum. Er lagt til að það að stjórna vinnuvélum án fullgildra réttinda varði stjórnvaldssekt.

Gert er ráð fyrir að í b-lið 2. mgr. verði kveðið á um að það varði stjórnvaldssektum þegar starfsmaður brýtur gegn fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins um bann við notkun tiltekins tækis, sbr. 1. másl. 4. mgr. 99. gr. Í þessu frumvarpi er lagt til nýtt ákvæði 1. másl. 4. mgr. 99. gr., þar sem kveðið er á um að starfsmenn Vinnueftirlits ríkisins hafi heimild til að banna stjórn- anda að nota tiltekna vél, sbr. 1.–5. mgr. 45. gr., sem er skráningarskyld skv. 49. gr. ef grunur er um að hann sé undir áhrifum áfengis, annarra fíkniefna eða telst óhæfur til að stjórna ökutæki vegna neyslu lyfja, sbr. 6. mgr. 48. gr. umferðarlaga, nr. 77/2019, en þá skal lögregla jafnframt kölluð til.

Lagt er til að stjórnvaldssekt sem lögð er á einstakling geti numið allt að 1 millj. kr. og að stjórnvaldssekt sem lögð er á atvinnurekanda geti numið allt að 15 millj. kr. Þá kemur fram að við ákvörðun sekta skuli Vinnueftirlitið meðal annars líta til alvarleika brots, hve lengi það hefur staðið yfir, samstarfsvilja hins brotlega aðila sem og hvort um ítrekað brot sé að ræða og umfangs atvinnureksturs hins brotlega aðila. Þeim sektarramma sem hér er lagður til er ætlað að ná yfir mjög fjölbreytt brot og öll fyrirtæki landsins. Honum er einnig ætlað að ná yfir smávægileg brot, mjög alvarleg brot, ítrekuð brot og brot gegn mörgum ákvæðum laganna. Í ljósi þess þykir nauðsynlegt að sektarfjárhæðin geti numið allt að 15 millj. kr. þegar um alvarlegustu brotin er að ræða. Í þessu sambandi er gert ráð fyrir að við ákvörðun sekta verði meðal annars litið til fordæma dómstóla og sektargerða ákærvaldsins vegna brota á 2. mgr. 99. gr.

Lagt er til að kveðið verði skýrt á um að Vinnueftirlitinu sé heimilt að beita stjórnvaldssekt óháð því hvort brotið sem um ræðir var framið af ásetningi eða gáleysi. Er það í samræmi við

önnur sambærileg ákvæði um stjórnvaldssektarheimildir stjórnvalda í löggjöf hér á landi, meðal annars í efnalögum, nr. 61/2013, lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, og lögum um neytendasamninga, nr. 16/2016.

Lagt er til að kveðið verði skýrt á um að ekki skuli beita öðrum refsiviðurlögum ef stjórnvaldssekt er beitt. Tilgangur þessa ákvæðis er að tryggja að ekki komi til tvöfaldrar refsingar fyrir sama brot. Einnig er lagt til að kveðið verði á um að ekki skuli leggja stjórnvaldssekt á bæði starfsmann og atvinnurekanda fyrir sama brot. Það þykir ekki í samræmi við meðalhóf að bæði starfsmanni og atvinnurekanda verði gert að sæta stjórnvaldssekt fyrir sama brot.

Enn fremur er gert ráð fyrir að kveðið verði á um að Vinnueftirliti ríkisins beri að tilkynna ákvörðun stofnunarinnar um stjórnvaldssekt skriflega á sannanlegan hátt þeim aðila sem hún beinist að auk þess sem gert er ráð fyrir að ákvörðuninni fylgi skriflegur rökstuðningur.

Með sannanlegum hætti er meðal annars átt við að Vinnueftirlit ríkisins geti fært sönnur á að tilkynning stofnunarinnar um ákvörðun um stjórnvaldssekt hafi borist réttum aðila. Almennt má ætla að tilkynning Vinnueftirlits ríkisins um ákvörðun stofnunarinnar um stjórnvaldssekt geti verði með ýmsum hætti, svo sem send með hefðbundnum bréfpósti, með ábyrgðarpósti eða rafrænt með tölvubréfi. Í því sambandi má ætla að almennt sé erfiðara að færa sönnur á að tilkynning, sem send hefur verið rafrænt með tölvubréfi, hafi borist réttum aðila en tilkynning sem send hefur verið með ábyrgðarpósti.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að gjalddagi stjórnvaldssektar verði 30 dögum eftir að ákvörðun var tekin um sektina en hafi stjórnvaldssekt ekki verið greidd innan 15 daga frá gjalddaga skuli greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar frá gjalddaga í samræmi við ákvæði laga um vexti og verðtryggingu. Enn fremur er lagt til að sett verði ákvæðin tímamörk í tengslum við heimild Vinnueftirlits ríkisins til að leggja á stjórnvaldssekt en gert er ráð fyrir að heimildin falli niður að fimm árum liðnum frá því að þeirri háttsemi sem um ræðir lauk. Gert er ráð fyrir að stjórnvaldssekt renni í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við álagningu og innheimtu sektarinnar auk þess sem slíkar sektir verði aðfararhæfar. Loks er tekið fram að um ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins um stjórnvaldssekt fari að öðru leyti samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

Um g-lið 1. tölul.

Hér til lagt til að XV. kafli laganna beri fyrisögnina **Viðurlög og refsíákvæði** í samræmi við þær breytingar sem lagðar eru til á ákvæðum kaflans.

Um 2. og 3. tölul.

Hér eru lagðar til breytingar á lögum um útsenda starfsmenn, nr. 45/2007, og lögum um starfsmannaleigur, nr. 139/2005, til samræmis við 14. gr. frumvarpsins og vísast til umfjöllunar í skýringum við þá grein eftir því sem við á.

Um 4. tölul.

Hér er lagt til að c-liður 1. mgr. 14. gr. laga um atvinnuleysistrygginga vísi til 5. gr. starfskjaralaga í stað 1. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, í samræmi við þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu.